

## Greinargerð rannsakena:

### Upphaf máls / sakarefni:

Um er að ræða tilvísun ríkissaksóknara,<sup>1</sup> dags. 8. janúar 2016, sem hafði áður farið þess á leit að ríkislögreglustjóri veitti ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn á ætluðum refsiverðum brotum Steindórs Inga Erlingssonar lögreglufulltrúa, við framkvæmd starfa hans í fíkniefnadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 18. maí 2015 sendir Ásgeir Karlsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra ríkissaksóknara bréf<sup>2</sup> og þann sama dag sendi ríkissaksóknari lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu bréf<sup>3</sup> þar sem óskað var upplýsinga en ekki að hefja rannsókn. Svarbréf<sup>4</sup> lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til ríkissaksóknara er dagsett 8. júní 2015. Með vísan til 28. gr. og 3.mgr. 29. gr. laga nr 47/2015 er málið sent héraðssaksóknara til viðeigandi meðferðar.

Ætluð brot Steindórs voru talin kunna að varða við 128. gr. og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### Rannsóknin:

Við rannsókn málsins var óskað upplýsinga og gagna frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að rannsakarar skoðuðu tölvugrunna sem notaðir eru hjá fíkniefnadeild LRH, m.a. til að halda utan um upplýsingaaðila og upplýsingar sem frá þeim koma. Ekkert óeðlilegt kom í ljós við skoðun þessa, sjá upplýsingaskýrslur<sup>5</sup> sem ritaðar voru. Þá var einnig skoðað sameiginlegt drif fíkniefnadeildar svokallað X-drif<sup>6</sup> en ekkert óeðlilegt kom þar fram. Þá óskaði héraðssaksóknari eftir upplýsingum frá bönkum og fjármálastofnunum<sup>7</sup> að fengnu samþykki<sup>8</sup> Steindórs og eiginkonu hans.

Í tengslum við rannsóknina voru skýrslur teknar af 29 vitnum en 2 voru með réttarstöðu sakbornings. Skýrslutökur fóru fram á tímabilinu frá 19. janúar til 24. maí 2016.

### Úr framburðum vitna:

#### Albert Örn Sigurðsson:

Albert<sup>9</sup> sagðist kannast við Anton Kristinn Þórarinsson en ekki hafa neinar upplýsingar um samskipti hans og Steindórs, hann hafi einungis heyrt sögusagnir sem snúast um að Steindór hafi verið í langan tíma á launum hjá Antoni og samskipti þeirra hafi hafist á einhverskonar upplýsingasambandi sem hafi þróast síðan í eitthvað óeðlilegt. Hann sagði að þessar sögusagnir

<sup>1</sup> I/1.1 Tilvísun ríkislögreglustjóra dags. 8. janúar 2016

<sup>2</sup> I/1.4 Bréf ríkislögreglustjóra dags. 18. maí 2015

<sup>3</sup> I/1.2 Bréf ríkissaksóknara dags. 18. maí 2015

<sup>4</sup> I/1.5 Svarbréf LRH dags. 8. júní 2015

<sup>5</sup> II/1.1-1.4 Upplýsingaskýrslur v/grunnanna

<sup>6</sup> II/1.6 Skýrsla v/X-drif dags.

<sup>7</sup> III/1.3-1.6 Bréf send á bankana ósk um upplýsingar og gögn

<sup>8</sup> III/1.1 og 1.2 Heimild Steindórs Inga og Ernu Dísar, dags. 12. febrúar 2016

<sup>9</sup> IV/16.1 – 16.2 skýrslutaka Albert Örn Sigurðsson, dags. 21. janúar 2016

séu ólíkar, hann viti ekki nákvæmlega hverjar þær eru, en eitthvað í þá átt að Steindór væri að gefa Antoni upplýsingar og þiggja af honum peninga í staðinn.

Albert sagðist hafa tekið þátt í rannsókn á máli sem tengt er **Hótel Fróni**. Hann sagði að í því máli hafi vaknað hjá honum spurning um þessa meintu spillingu þ.e. hvort hún væri til staðar. Hann sagði að Þorbjörn Valur hafi ekki viljað að þeir myndu fylgja bifreiðinni eftir sem kom að Hótel Fróni, hann hafi viljað fylgja fyrri plani sem fólst í því að stöðva bifreiðina þegar henni yrði ekið af stað. Hann sagðist ekki skilja hvers vegna ekki mátti fylgja bifreiðinni eftir, honum hafi fundist það stórunderlegt. Albert sagði að eftir þetta hafi menn farið á Rauðarárstíginn og rætt það sem hafði gerst. Hann sagði að Steindór hafi staðið upp á fundinum og talað yfir hópinn og sagt „ah klúður var þetta, svo bara fer hann og handtekur manninn, ansans klúður“. Albert sagðist hafa orðið mjög hissa á þessum orðum Steindórs og hugsað, verður þetta sagan sem sögð verður um það sem gerðist, að þetta hafi verið klúður sérsveitarmannsins, vegna þess að búið var að taka ákvörðun um að stöðva bifreiðina þegar hún færi af stað. Albert sagði að handtakan hafi ekki skipt öllu máli í þessu sambandi, en það hefði getað skipt máli því aðilinn hefði getað sagt að konan hafi bara komið og hent einhverju inn í bifreiðina hans, það hefði litið betur út ef hann hefði ekið bifreiðinni af stað eftir að konan var búin að henda einhverju inn í bifreiðina. Hann sagði að honum finnst þetta vera klúður ofan á klúður og að honum finnst að verið sé að breiða yfir einhver mistök hjá þeim sem stjórnðu aðgerinni hvort sem það er með saknæmum hætti eða ekki. Hann sagðist ekki hafa rætt þetta við Þorbjörn Val eftir aðgerðina, en minna að hann hafi nefnt skipun Þorbjörns Vals [í talstöð] við Friðrik Smára. Hann sagði að þetta væri það eina sem hann hefði að segja um að mögulega væri eitthvað saknæmt við störf Steindórs eða Antons þó hann geri sér grein fyrir því að þetta er langsótt hjá honum því það hafi ekki verið Steindór sem talaði í talstöðina heldur Þorbjörn Valur, en tók það fram að Steindór hafi stjórnað öllu í málinu fram að aðgerðinni sjálfri og að hann hafi verið niður á stöð að stjórna aðgerðinni.

Albert sagði að það sem hafi vakið upp grun hans um að Steindór væri ekki heiðarlegur í málinu hafi verið vegna þess að Steindóri hafi ekki þótt það líklegt að einhver myndi koma og sækja fikniefnin, en hann og Ásbjörn hafi verið á öðru máli en Steindór. Hann sagðist ekki hafa skilið þessa afstöðu Steindórs en sagði að kannski hafi ástæðan verið sú að dýrt er að halda úti mannskap um páskaheulgina en honum hafi sjálfum ekki þótt það vera vandamálið og Steindór hafi ekki gefið þá skýringu. Hann sagði að þeir hafi sannfært Aldísi og Steindór um að halda málinu áfram.

Albert sagði að samstarfsmaður hans í deildinni hafi sagt sér að hann hafi farið inn á skrifstofu í deildinni í kringum aðgerðina við Hótel Frón þ.e. rétt fyrir, á meðan eða rétt á eftir aðgerðina til að sækja rafhlöðu í talstöð, en þar hafi Steindór verið ásamt fleirum og hann hafi heyrt hann segja að hann væri alveg viss um að „Toni“ eigi þetta mál. Albert sagði að Bjarni Ólafur hafi sagt honum frá því að stuttu eftir aðgerðina við Hótel Frón hafi hann verið staddur á námskeiði í lögregluskólanum ásamt Steindóri þar sem einhverjir spurðu hann hver hafi átt fikniefnin í málinu við Hótel Frón og að Steindór hafi svarað því til að hann væri viss um að „Toni“ eigi þetta mál“. Albert sagði að honum þykir þetta skrítið því Steindór hafi aldrei haldið þessu fram við þá eftir aðgerðina að hann teldi að Anton hafi átt fikniefnin.

Aðspurður hvort hann leggi trúnað á það að Anton hafi átt fikniefnin sagði Albert það gæti hafa verið möguleiki. Hann var spurður hvort það gæti hugsanlega verið að sögusagnirnar sem hafa verið um langt skeið um að Steindór væri spilltur í deildinni hafi fengið byr undir báða vængi eftir þetta, sagðist hann ekki geta tjáð sig um það, hann hefði einungis þessar grunsemdir sem varðaði þetta mál en hugsanlegt væri að hann væri litaður af sögusögnum um Steindór.



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

KB/

Reykjavík, 8. júní 2016

Mál héraðssaksóknara nr. 300-2016-7

Með bréfi ríkissaksóknara dagsettu 8. janúar 2016 var embætti héraðssaksóknara sent til viðeigandi meðferðar mál er varðaði rannsókn á meintum brotum Steindórs Inga Erlingssonar lögreglufulltrúa (kærða), við meðferð starfa hans í fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (R-2). Í bréfi ríkissaksóknara kom fram að ætluð brot Steindórs gætu varðað við 128. gr. og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Bréfinu fylgdu neðangreind gögn.

- Bréf ríkissaksóknara til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 18. maí 2015 varðandi málefni fíkniefnadeildarinnar.
- Bréf Ásgeirs Karlssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns við embætti ríkislögreglustjóra dags. 18. maí 2015 vegna samskipta hans við átta lögreglumenn sem lýstu áhyggjum af ætluðum brotum í starfi af hálfu Steindórs Inga Erlingssonar.
- Bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til ríkissaksóknara dags. 8. júní 2015 ásamt samantekt LRH vegna óformlegra viðtala við Ásgeir Karlsson og átta nafngreinda lögreglumenn sem áður höfðu komið að máli við Ásgeir vegna gruns um að Steindór Ingi Erlingsson hefði gerst brotlegur í starfi með því að halda hlífiskyldi yfir brotastarfsemi Antons Kristins Þórarinssonar.
- Skjalamappa sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu afhenti ríkissaksóknara 15. desember 2015 sem inniheldur gögn vegna frekari athugunar sem lögreglustjórinn fól Baldvini Einarssyni lögreglufulltrúa að framkvæma í kjölfar þeirrar samantektar sem send var ríkissaksóknara með áðurgreindu bréfi dags. 8. júní 2015. Um er að ræða 22 tilvik auk samantektar Baldvins um verkefnið dags. 14. desember 2015. Aflað var m.a. gagna úr Fróða – upplýsingaveitu fíkniefnadeildarinnar og Höndlaranum, þ.e. því kerfi sem heldur utan um samskipti upplýsingateymis LRH við upplýsingagjafa.
- Minnisblað ríkissaksóknara dags. 15. desember 2015 vegna samskipta við Húnboga J. Andersen, lögfræðing, og fyrrum starfsmanns í fíkniefnadeildinni, vegna upplýsinga um ætluð brot Steindórs Inga Erlingssonar í starfi, sem umbjóðandi Húnboga, Anton Kristinn Þórarinsson, mun búa yfir.

Af þeim gögnum sem fylgdu bréfi ríkissaksóknara til héraðssaksóknara dags. 8. janúar sl. verður ráðið að upphaf afskipta ríkissaksóknara megi rekja til þess að Ásgeir Karlsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá RLS hafi leitað til embættisins þann 15. maí 2015 og upplýst



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

ríkissaksóknara um að hann hafi fengið upplýsingar um hugsanleg brot kærða í starfi frá lögreglumönnum sem starfa eða hafa starfað við fíkniefnadeild LRH. Ásgeir hafi í kjölfarið sent ríkissaksóknara greinargerð um sína aðkomu að málinu. Í framhaldi þess hafi ríkissaksóknari óskað eftir upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og lýsingu og mati á málefnum. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fól tveimur rannsóknarlögreglumönnum að ræða við Ásgeir Karlsson og þá átta lögreglumenn sem höfðu áður leitað til Ásgeirs. Þeir öfluðu jafnframt upplýsinga um atvik sem ná yfir nokkurra ára tímabil, þ.e. frá 2006 til 2015. Segir í bréfi lögreglustjóra til ríkissaksóknara þar sem upplýst var um þessa skoðun, að niðurstaða samantektar rannsóknarlögreglumanna sé að verulegt vantraust ríki á milli nafngreindra starfsmanna og að óhjákvæmilegt sé að færa kærða til í starfi og e.t.v. fleiri starfsmenn. Það var lagt í mat ríkissaksóknara hvort þær upplýsingar sem fram komu í samantektinni gæfu tilefni til þess að hefja opinbera rannsókn á meintum brotum. Í samantektinni er reifað stuttlega það sem fram kom í óformlegum viðtölum við þá lögreglumenn sem koma við sögu, þó ekki þá sem höfðu hætt störfum hjá lögreglu. Var rætt við Ásgeir Karlsson, aðstoðaryfirlögregluþjón, Kristinn Sigurðsson, rannsóknarlögreglumann, Jens Gunnarsson, rannsóknarlögreglumann, Guðbrand Hansson, lögreglufulltrúa, Albert Örn Sigurðsson, rannsóknarlögreglumann, Börk Árnason, lögreglumann, Eirík Benedikt Ragnarsson, lögreglufulltrúa, Kjartan Ægi Kristinsson, varðstjóra og Bjarna Ólaf Magnússon, lögreglufulltrúa.

Í niðurstöðu samantektarinnar segir m.a.: „Núverandi og fyrrverandi lögreglumenn í R-2 hafa greint frá því að meðal lögreglumanna, innan og utan R-2, ríki sá orðrómur að Anton Kristinn Þórarinnsson njóti friðhelgi af hálfu lögreglu við brotastarfssemi sína að undirlagi [kærða] og svo hafi verið um allnokkurt skeið. Sögusagnir hafi heyrst um að [kærði] hafi þegið peningagreiðslu- eða greiðslur frá Antoni gegn því að fá upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir lögreglu gegn brotastarfssemi hans sem og með því að stöðva framgang lögregluaðgerða þegar spjótin beindust gegn honum. Þar að auki hafi borgari, sem nú er látinn, sagt lögreglumönnum að hann hefði orðið vitni að því þegar [kærði] veitti viðtöku 350.000 króna greiðslu frá Antoni. Fullyrt var af hálfu lögreglumanna, sem rætt var við, að rannsóknir stórra fíkniefnamála hefðu verið afvegaleiddar að undirlagi [kærða]. Sá háttur hafði verið hafður á að upplýsingateymi R-2 dældi upplýsingum til rannsóknara þeirra mála sem væru á skjön við aðrar upplýsingar og rannsóknir málanna. [ ... ] Þá sögðu lögreglumenn, sem rætt var við, að framgangur nokkurra mála hafi ekki verið með eðlilegum hætti. Þannig hafi aðgerðir lögreglunnar í fíkniefnamálum verið blásnar af þegar böndin fóru að berast að Antoni. Í nánar tilgreindum málum bárust fyrir mæli frá [kærða] eða upplýsingateymi R-2 þar um. [ ... ]

Í júní 2015 var ákveðið á fundi með ríkissaksóknara og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu að LRH kannaði nánar tiltekin atriði sem fram komu í samantektinni. Var öðrum rannsóknarlögreglumanninum sem vann samantektina falin sú könnun. Á þessum tímavarki var skýrt af hálfu ríkissaksóknara að ekki væri hafin rannsókn á grundvelli 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 heldur væri enn verið að afla upplýsinga þannig að ríkissaksóknari gæti ákveðið hvort hafin yrði sakamálarannsókn. Rannsóknarlögreglumanninum var þannig falið að finna hvaða tilvik, af þeim sem nefnd höfðu verið af lögreglumönnum sem rætt var við, mætti skoða betur með tillit til nánari gagna- og/eða upplýsingaöflunar og gera yfirlit yfir þau. Var þetta



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

unnið þannig að rannsóknarlögreglumaðurinn fór yfir frásagnir lögreglumanna og leitaðist við að draga þær saman í ákveðin tilvik sem síðan var raðað í tímaröð. Urðu þannig til 22 tilvik sem nánari grein var gerð fyrir og vísað til allra gagna í lögreglukerfinu LÖKE, upplýsingakerfi upplýsingateymis LRH, Höndlaranum og upplýsingaveitu fikniefnadeildar, Fróða, sem fundust um tilvikin. Voru þessi gögn eins og áður segir afhent ríkissaksóknara 15. desember 2015.

Sama dag barst ríkissaksóknara tölvubréf frá Húnboga J. Andersen, lögfræðingi og fyrirum lögreglumanni í R-2. Þar kemur fram að hann sé umbjóðandi aðila sem búi yfir upplýsingum um meint brot ákveðins/ákveðinna lögreglumanna sem gegndu stöðum yfirmanna í ávana- og fikniefnadeild lögreglustjórans á höfðuborgarsvæðinu. Umbjóðandinn hafi áhuga á að deila þessum upplýsingum að því gefnu að hægt sé að gera ákveðna fyrirvara vegna þess framburðar sem hann myndi gefa í tengslum við málið. Í kjölfar tölvupóstsins hringdi ríkissaksóknari í Húnboga til að kanna hvaða upplýsingar/upplýsingagjafa um væri að ræða. Sagði Húnbogi að það væri Anton Kristinn Þórarinsson og að sá væri reiðubúinn að gefa upplýsingar eða bera um að kærði hefði brotið af sér í starfi með því að veita sér upplýsingar um mál/málefni fikniefnadeildar og að hann hafi greitt kærða fyrir slíkt. Húnbogi sagði Anton ekki tilbúinn til að gefa upplýsingarnar formlega nema hann fengi skriflegt loforð yfirvalda um að hann yrði ekki saksóttur eða kærður fyrir hugsanleg refsiverð brot sín í samskiptum við kærða. Í samtali við ríkissaksóknara sagði Húnbogi að hann teldi að samband Antons og kærða hafi staðið frá 2011 og jafnvel 2009 og að kærði hafi fengið einhverjar milljónir frá Antoni fyrir upplýsingar. Í upphafi hafi kærði nálgast Anton og þvingað hann til að veita sér upplýsingar um fikniefnabrot annarra undir þeirri hótun að annars myndi hann fara í rannsóknir/einelti gegn Antoni. Anton hafi síðar snúið valdataflinu sér í hag og upplýsingar þá lekið í báðar áttir.

Þau gögn sem aflað hefur verið við rannsókn málsins teljast fullnægjandi til að héraðssaksóknari geti tekið ákvörðun um afgreiðslu þess á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þykir það sem fram kom við rannsóknina ekki nægilegt eða líklegt til sakfellingar og er málið því hér með fellt niður.

### ***Rannsókn málsins og rökstuðningur:***

Auk þeirra gagna sem rakin hafa verið og fylgdu málinu frá ríkissaksóknara var óskað upplýsinga og gagna frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu ásamt því sem rannsakendur skoðuðu tölvugrunna sem notaðir eru hjá fikniefnadeild LRH, m.a. til að halda utan um upplýsingaaðila og upplýsingar sem frá þeim koma. Um er að ræða upplýsingagrunn upplýsingateymis, Höndlarann sem settur var á fót síðla árs 2009 og Fróða, upplýsingaveitu fikniefnadeildar en færslur í honum eru frá nóvember 2010. Einnig var skoðað sameiginlegt drif fikniefnadeildar, svokallað X-drif. Óskað var eftir upplýsingum frá bönkum og fjármálastofnunum að fengnu samþykki kærða og eiginkonu hans og skoðaðir tölvupóstar kærða. Þá voru teknar skýrslur af 29 vitnum en tvær skýrslur voru teknar af aðilum með réttarstöðu sakbornings, þ.e. kærða og Antoni Kristni Þórarinssyni.

Verður nú rakið í stuttu máli hvað rannsókn málsins leiddi í ljós. Í fyrsta lagi verður farið yfir þau 22 tilvik sem nefnd voru í innanhúsathugun LRH en að því er varðar sum þeirra lágu engin gögn fyrir og jafnvel ekki hægt að átta sig á með hvaða hætti tilvikin tengdust kærða og/eða



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

vörðuðu meint brot hans í starfi. Þá verður gerð grein fyrir því sem rannsókn leiddi í ljós almennt um starfkærða og samskipti hans við upplýsingagjafann Anton Kristin og eftir atvikum gerð grein fyrir öðrum tilvikum sem upp komu. Verður farið yfir rökstuðning fyrir niðurstöðunni varðandi hvert tilvik fyrir sig í beinu framhaldi af lýsingu á því sem rannsókn leiddi í ljós.

*Tilvik sem tilgreind eru í samantekt BE rannsóknarlögreglumanns hjá LRH í skýrslu dagsettri 14. desember 2015:*

1. Afhending undir eftirliti eða „skómálið“ þann 12. október 2006 (010-2016-51445)

Lögreglumennirnir Eiríkur Benedikt Ragnarsson og Kjartan Ægir Kristinsson báru um það í innanhúss skoðun LRH að grunsemdir hafi vaknað um að ekki hafi verið rétt staðið að meðferð málsins í tengslum við handtöku tveggja „burðardýra“. Í málinu hafi fengist leyfi til að hleypa fikniefnum inn í landið á Keflavíkurflugvelli og fylgja „burðardýrunum“ eftir með það að markmiði að handtaka þann sem stæði að baki innflutningnum. Grunur hafi verið uppi um að Anton Kristinn stæði að baki og hann m.a. sætt skyggingu og hlustun. „Burðardýrin“ hafi hins vegar verið handtekin áður en þau komust á leiðarenda án sýnilegrar ástæðu og sú ákvörðun verið tekin af kærða. Hafi þeim lögreglumönnum þótt þetta undarlegt þar sem stutt hafi verið í afhendingarstað og engin hætta á því að menn myndu missa „burðardýrin“ frá sér. Meðal gagna er ódagsett greinargerð rannsakara vegna rannsóknar máls 010-2006-51445 og er hún rituð af kærða. Kemur m.a. fram í greinargerðinni að Anton Kristinn var grunaður í málinu og ýmis atriði rakin sem tengja hann við innflutning á kókaíni umrætt sinn. Að því er varðar afhendingu efnanna segir að þegar ljóst var að „burðardýrin“ voru á leið á ákveðinn stað til að afhenda ákveðnum manni J fikniefnin hafi verið ákveðið að handtaka þau en halda áfram eftirliti með J til að kanna við hvern hann hefði samband þegar ljóst yrði að „burðardýrin“ skiluðu sér ekki. Eini maðurinn sem J hafði samband við var Anton Kristinn en staðfest var að hann var staddur á öðrum stað í Reykjavík þetta kvöld. Anton Kristinn var handtekinn síðar sama kvöld og sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Niðurstaða greinargerðar kærða í málinu er að augljóst sé að Anton Kristinn sé höfuðpaur í málinu. Hann var ákærður og sakfelldur í héraðsdómi en sýknaður í Hæstarétti.

Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara sagðist Kjartan Ægir ekki getað fullyrt hver tók ákvörðun um að handtaka „burðardýrin“ og sagðist hann halda að búið hafi verið að staðsetja Anton Kristinn á móttökustað efnanna en ljóst er af gögnum málsins að það er ekki rétt. Eiríkur Benedikt staðfesti jafnframt í skýrslutöku að eðlilegar skýringar geti verið á þessu. Þorbjörn Valur Jóhannsson, rannsóknarlögreglumaður, lýsti því í skýrslu að það hafi verið skýr fyrirmæli frá yfirmönnum í þessum máli að aðeins ætti hleypa „burðardýrunum“ ákveðið langt og því hafi þau verið handtekin á þeim tíma sem gert var. Ásgeir Karlsson, sem var yfirmaður fikniefnadeildar á þessum tíma, sagði að ekkert óeðlilegt hafi verið við handtöku í málinu, það hafi komið upp einhver hræðsla um að missa sjónar á efnunum og því verið ákveðið að stöðva aðgerðina. Framburður kærða um atvikið er í samræmi við lýsingar Þorbjörns Vals og Ásgeirs.



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Rétt er að geta þess hér að kærði og Þorbjörn Valur hafa báðir borið um það að upplýsingasamband þeirra við Anton hafi hafist í kjölfar gæsluvarðhalds sem Anton sætti vegna þessa máls. Hann hafi haft frumkvæði að því að setja sig í samband við fíkniefnadeild og þeir farið og sótt hann á Litla-Hraun í lok gæsluvarðhaldsins og í kjölfarið hafi Anton orðið upplýsingagjafi lögreglu og það verið með vitund og samþykki þáverandi yfirmanns deildarinnar, Ásgeirs Karlssonar. Anton sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 7.-15. nóvember 2006. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara sagðist Ásgeir ekki muna eftir þessu en véfengdi ekki þennan framburð, hann myndi einfaldlega ekki eftir þessu. Anton Kristinn lýsir upphafi upplýsingasambandsins með öðrum hætti. Hann segist hafa hitt kærða á Goldfinger árið 2005. Kærði hafi sagt honum að koma og hitta sig nokkrum dögum síðar annars hafi hann verra af. Anton hafi ekki farið og þess vegna lent í 11 mánaða hlustun í tengslum við þetta mál og svo gæsluvarðhaldi. Kærði hafi komið til hans í gæsluvarðhaldinu og sagt: „sjáðu hvað ég get gert“. Hann hafi upplifað þetta sem hótun og því ekki þorað öðru en að gerast upplýsingagjafi. Ásgeir sagði að þegar að mál það sem nú er til rannsóknar hafi byrjað hafi Anton hringt í hann og lýst upphafi samskiptanna með sambærilegum hætti. Ásgeir sagði hins vegar útilokað að kærði hafi getað komið á hlustun út í loftið, úrskurð þurfi til hlustunar og beiðni þurfi að vera rökstudd. Karl Steinar Valsson, sem tók við fíkniefnadeildinni af Ásgeir sagði að Ásgeir hafi við það tilefni m.a. sagt honum að Anton væri upplýsingagjafi í deildinni og að það samband hafi hafist að frumkvæði Antons. Þá sagði Karl Eyjólfur Karlsson, fyrrum lögreglumaður í fíkniefnadeild að hann myndi eftir því að hafa verið á Goldfinger ásamt kærða einhvern tímann á árunum 2005-2006 og Anton komið þangað. Hann myndi eftir því að þeir hafi eitthvað rætt bílamál við Anton en ekki orðið var við annað. Framburður kærða um atvikið á Goldfinger er með sama hætti og framburður Karls Eyjólfss.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið úr framburðum og fyrirliggjandi gögnum er ekkert sem bendir til refsiverðrar háttsemi kærða í tengslum við svokallað skómál eða að kærði hafi á einhvern hátt verið að hlífa Antoni Kristni í því máli. Þá verður heldur ekki byggt á framburði Antons Kristins um upphaf upplýsingasambands hans við R-2 gegn gagnstæðum framburði kærða sem að mati héraðssaksóknara fær stoð í öðrum framburðum, s.s. framburðum Þorbjörns Vals, Karls Steinars, Karls Eyjólfss og Ásgeirs að hluta.

### 2. Handtaka á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum þann 3. ágúst 2008 (032-2008-3770)

Lögreglumennirnir Bjarni Ólafur Magnússon, Jens Gunnarsson og Eiríkur Benedikt Ragnarsson báru um það við innanhúss skoðun að Anton Kristinn hafið óskað eftir því að haft yrði símasamband við kærða er hann var handtekinn á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Að öllum líkindum er um ofangreint mál að ræða. Í gögnum þess máls í LÖKE er þess hvergi getið að Anton Kristinn hafi óskað eftir að samband yrði haft við kærða. Fram kemur að hann hafi óskað eftir að fá að hringja í unnustu sína en því verið hafnað. Húnbogi Andersen, þáverandi rannsóknarlögreglumaður, sagði að hann hafi hringt í kærða að beiðni Antons umrædda nótt og kærði samþykkt að tala við hann. Húnbogi hafi ekki hlustað á samtalið og ekkert s.s. komið út úr því og Anton verið áfram í klefa. Kærði gerði sjálfur grein fyrir samskiptum við Anton Kristinn umrætt sinn í minnisblaði frá 31. janúar 2012 og lýsti þeim í skýrslu hjá héraðssaksóknara. Sagði hann Húnboga hafa hringt og sagt að Anton



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

vildi ræða við hann en kærði sagt að hann vildi ekki tala við Anton. Stuttu síðar hafi Húnbogi aftur hringt og þá Anton verið í símanum. Kærði hafi lokið símtalinu og sagt við Húnboga að gera þetta ekki, hann vilji ekkert við þennan mann tala. Ekkert í gögnum málsins eða framburðum aðila bendir til neinnar refsiverðrar háttsemi af hálfu kærða. Ljóst er að á þessum tíma var Anton upplýsingagjafi lögreglu og með því að hringja í kærða setti hann það samband í hættu.

### 3. Meint ræktun að Viðarhöfða 1 í Reykjavík þann 29. október 2010 (007-2009-67703)

Bjarni Ólafur Magnússon lögreglumaður greindi frá þessu atviki við innanhúss skoðun LRH. Taldi hann þetta alvarlegasta atvikið í tengslum við kærða. Sagði hann að frá því að upplýsingar hefðu borist um að verið væri að setja upp mjög stóra kannabísræktun að Viðarhöfða 1 og lögregla sett upp falda myndavél í nágrennið sem náði yfir aðalinnangang. Á einhverjum tímapunkti hafi lögregla áttað sig á að búið var að taka búnaðinn niður og greinilega flytja hann út um bakdyr. Þá hafi mátt sjá Anton Kristinn ganga framhjá myndavélinni og veifa og hann þannig greinilega vitað af henni. Taldi Bjarni Ólafur að þarna hafi málinu verið fórnað þar sem Anton Kristinn væri upplýsingagjafi. Í skýrslu hjá héraðssaksóknara ræddi Bjarni Ólafur um þetta mál og að hann hafi nefnt við Karl Steinar hvort minni hagsmunum hafi verið fórnað fyrir meiri en Karl Steinar brugðist ókvæða við. Svo er að skilja á framburði Bjarna Ólafs að hann hafi grunað kærða um að leka upplýsingum til Antons Kristins um eftirlitið þar sem hann og fleiri lögreglumenn hafi ítrekað heyrt sögusagnir um óeðlileg samskipti kærða við Anton Kristinn meðal manna í undirheimum. Þorbjörn Valur Jóhannsson sagði að Anton hafi á fundi með þeim kærða sagt að hann vissi að lögregla væri að fylgjast með ræktun sem hann hafi verið að koma upp. Þeim hafi brugðið en þó látið á engu bera og ekki svarað neinu. Anton hafi sagt að fíknó hafi sést á svæðinu og talað um myndavél sem hafi verið sett upp. Þeim hafi því orðið ljóst af þessum fundi með Antoni að rannsóknin væri búin að missa marks. Í kjölfarið hafi þeir kærði fengið leyfi hjá Karli Steinari til að ræða málið betur við Anton til að fá upplýsingar um það hvernig hann hafi vitað af lögreglu. Þeir hafi því nokkru síðar rætt við Anton sem sagði að frændi kunningja síns hafi sagt frá því að lögregla hafi óskað eftir því að fá að setja upp hjá honum myndavél gegn greiðslu en því verið hafnað. Hann hafi því grunað að þeir hafi sett upp myndavél annars staðar. Þá hafi merktri lögreglubifreið verið ekið þarna um og lögreglumenn séð einhverja vera að bora í rör. Þetta hafi orðið til þess að ekkert varð af ræktun. Kærði lýsir þessu með sama hætti og Þorbjörn Valur. Karl Steinar mundi ekki sérstaklega eftir að hafa rætt við kærða og Þorbjörn Val um að reyna að fá upplýsingar frá Antoni um hvernig hann vissi af lögreglu en sagði að þeir hafi örugglega gert það. Hann taldi hins vegar fráleitt að Anton hafi verið varaður við og minnti að hann hafi heyrt eitthvað um að merktur lögreglubíll hafi sést í nágrenninu og því hafi menn hætt við. Anton Kristinn sagði í skýrslutöku varðandi þetta mál að kærði hafi hringt í hann og sagt að lögreglu grunaði að hann væri að setja upp ræktun þarna. Þetta væri eina skiptið sem hann hafi fengið upplýsingar frá kærða. Þessu neitaði kærði alfarið og lýsti samskiptum eins og áður hefur verið rakið og sagði þá Þorbjörn Val hafa hitt Anton saman til að fá fram hvernig hann hafi vitað að lögregla vissi um staðinn og þeir bókað um það í Höndlarann. Fyrir liggja færslur í Höndlaranum sem styðja framburð kærða og Þorbjörns Vals.





## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Með hliðsjón af öllu því sem hefur verið rakið verður ekki talið, þrátt fyrir framburð Antons Kristins, að kærði hafi gefið honum upplýsingar sem leynt áttu að fara. Framburðum kærða og Þorbjörns Vals ber saman um hvernig atvikið hafi verið auk þess sem samtímagögn í upplýsingakerfinu Höndlaranum styðja þann framburð.

### 4. Húsleit að Gvendargeisla 16 í Reykjavík þann 27. nóvember 2009 (007-2009-74821)

Málið varðar leit heima hjá Antoni Kristni en fíkniefni fundust í herbergi leigjanda hans. Einhverjir segja að leitin hafi farið fram að beiðni Antons sem vildi losna við leigjandann. Krafa lögreglustjóra um húsleitarúrskurð beindist hins vegar að Antoni Kristni og þar rökstutt hvers vegna grunur er um að fíkniefni finnist á heimili hans. Bjarni Ólafur Magnússon nefnir þetta sem dæmi um aðkomu Þorbjörns Vals og telur leitina hafa verið „pantaða“ af Antoni Kristni. Nokkrar bókanir eru í Höndlaranum dagana áður en farið er í leit þar sem Anton Kristinn tilkynnir að nafngreindur leigjandi hjá sér sé með fíkniefni og leggur áherslu á að lögregla komi í leit. Eru þessi samskipti öll bókuð. Þorbjörn Valur sagði í skýrslutöku að þeir hafi verið meðvitaðir um tilgang Antons með því að tilkynna þetta en það vegið þyngra að vita af fíkniefnum þarna. Sömu sögu segir kærði en hann bar um að þeir hafi upplýst Karl Steinar um þessa tilkynningu en ekki tekið þátt að öðru leyti. Leitin hafi hins vegar alls ekki falið í sér neina vernd eða ívilnum fyrir Anton. Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið telur héraðssaksóknari að ekkert óeðlilegt hafi verið við aðkomu kærða að þessu máli.

### 5. Ræktun að Asparhvarfi 18 í Kópavogi þann 9. júní 2010 (007-2010-37710)

Málið varðar húsleit á heimili Antons Kristins þar sem nokkurt magn fíkniefna fannst. Fjórir lögreglumenn lýstu því að ýmislegt í tengslum við þessa húsleit hafi ýtt undir grunsemdir þeirra í garð kærða. Virðist það m.a. vera vegna þess að Kjartan Ægir Kristinsson segist hafa orðið vitni að orðasenu á milli kærða og Karls Steinars Valssonar í kjölfarið auk þess sem þeim hafi þótt skrítið að Anton Kristinn væri það bíræfinn að vera með ræktun heima hjá sér. Þótti einhverjum það til marks um að hann nyti hugsanlega verndar. Daginn sem leitin fór fram er hins vegar bókað í Höndlaranum að Anton Kristinn hafði samband við kærða og sagðist hafa heyrt að lögregla væri heima hjá honum og staðfesti kærði að hann hefði líka heyrt það. Sagði hann Anton hafa verið mjög ósáttan við að hafa ekki verið látinn vita af þessu fyrirfram en kærði sagt honum að það gætu þeir ekki gert. Þá bókaði kærði jafnframt að það væri gott að Anton Kristinn fengi að vita það svart á hvítu að hann væri ekki undir verndarvæng þeirra. Næstu daga er Anton enn í sambandi við kærða en hann var þá eftirlýstur vegna málsins. Kærði bókar að hann hafi hvatt Anton til að gefa sig fram en Anton verið hræddur við að fara í gæsluvarðhald og spurt hvort kærði geti gert eitthvað í því. Kærði bókar að hann hafi sagt að hann myndi kanna málið en allir pappírar væru klárir til að fara með hann fyrir dómara. Næstu daga eru bókuð samskipti þar sem kærði og Þorbjörn Valur eru í samskiptum við Anton og virðast vera að liðka fyrir því að hann gefi sig fram og koma í veg fyrir að hann fari í gæsluvarðhald. Segja að þetta skuli þeir reyna að gera fyrir hann ef hann komi með góðar upplýsingar. Ítrekað er bókað að þetta sé gert í samráði við Karl Steinar Valsson. Í framhaldinu er bókað um samskipti við Anton þar sem m.a. er farið yfir með honum að kærði og Þorbjörn Valur geti ekki verndað hann s.s. með



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

að tilkynna um fyrirhugaðar aðgerðir og eins ræddu þeir við hann um orðróm um að Anton sé með menn á sínum snærum innan deildarinnar. Þá er bókað um að hugsanlega þurfi að hætta samskiptum við Anton vegna ýmissa annmarka og þess að hann virðist tala frjálst um samskipti sín við upplýsingateymið. Þá bókar kærði á einum stað að Anton hafi haft samband með upplýsingar en kærða grunar að það hafi hann gert til að færa athyglina frá sér og Anton því sjálfur með eitthvað í bígerð. Anton var ákærður í málinu en sýknaður í héraði.

Rétt er að geta þess að lögreglumaðurinn Eiríkur Valberg sagði í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara að hann og Magnús Vignir Guðmundsson hafi árið 2010 fengið þær upplýsingar frá uppljóstrara að Anton Kristinn væri með mikið magn fikniefna hjá sér og ræktun. Þeir hafi komið þessum upplýsingum í upplýsingagrunninn og kærði sent þær á götuhópinn sem Bjarni Ólafur stýrði. Bjarni Ólafur hafi hins vegar talið ólíklegt að Anton Kristinn væri það bíræfningur að geyma fikniefni heima hjá sér og tímasóun að fara í húsleit. Kærði hafi hins vegar ýtt á eftir því og húsleit farið fram þar sem mikið magn fikniefna fannst. Í tölvupósthólfi kærða fannst tölvupóstur sendur 31. maí 2010 frá Karli Steinari til starfsmanna R-2 þar sem m.a. kemur fram að upplýsingar hafi borist um að Anton Kristinn sé með efni á heimili sínu. Karl Steinar sagði í sinni skýrslu að þeir hafi fengið upplýsingar um að Anton væri með mikið magn fikniefna heima hjá sér. Hann hafi komið þeim upplýsingum til Bjarna Ólafs sem hafi ekki talið þetta líklegt og í raun ekki farið að fyrirmælum hans um að fara í húsleit. Einhverjir aðrir lögreglumenn hafi farið í húsleit og mikið af fikniefnum fundist. Sagði Karl Steinar það algjöra þvælu að kærði hafi á einhvern hátt skammað hann fyrir að þessi aðgerð hafi farið fram. Eini vandinn hafi verið að fá Bjarna Ólaf til að fara í málið. Þá kannast Haukur Bent Sigmarsson, annar þeirra sem fóru í húsleitina, ekki við það sem aðrir lögreglumenn báru um, að vísitandi hafi verið farið fram hjá kærða áður en farið var í þessa húsleit. Kærði bar að hann hafi vitað af því að upplýsingar hafi borist um að Anton væri með fikniefni heima hjá sér en Bjarni Ólafur verið tregur til að taka það alvarlega. Það væri því alrangt að hann hafi kvartað yfir því að gengið hafi verið fram hjá sér með þessar upplýsingar og sagði framburð Kjartans Ægis um að hann hafi öskrað á Karl Steinari fráleitan.

Með hliðsjón af framburðum hvað þetta tilvik varðar og þeirra gagna sem fyrir liggja er ekkert fram komið sem bendir til þess að kærði hafi haft neina óeðlilega aðkomu að málinu og ekkert sem bendir til refsiverðrar háttsemi.

### 6. Ræktun að Suðurlandsbraut 20 í Reykjavík þann 10. júní 2010 (007-2010-37904)

Þessi ræktun uppgötvast við skoðun á myndavél Antons sem fannst í Asparhvarfi sbr. lið 7. Búið var að taka ræktun niður er lögregla kom á staðinn en þar fundust 227 litlar kannabíspöntur. Ekkert fannst í Fróða eða Höndlaranum sem tengist þessu máli. Anton var ákærður vegna málsins en sýknaður í héraði. Ekkert bendir til óeðlilegrar aðkomu kærða að málinu.



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

### 7. Meint afhending fjármuna, hugsanlega í lok nóvember 2010

Nokkrir lögreglumenn greindu frá fundi í R-2 síðla árs 2011 eða árið 2012 þar sem Karl Steinar Valsson fullyrti að fram hafi farið rannsókn á meintum peningagreiðslum frá Antoni Kristni til kærða. Þá sagði Guðbrandur Hansson frá því að annar aðili, Hilmar Pétur Hilmarsson, sem nú er látinn, hafi sagt honum og Ævari Pálma Pálmasoni að Anton Kristinn greiddi kærða mánaðarlega og að hann hafi einu sinni orðið vitni að því. Sömu sögu hafi hann sagt Berki Árnasyni. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara staðfesti Guðbrandur þessa frásögn og sagði þetta atvik það eina „concrete“ um hugsanleg brot kærða í starfi. Ævar Pálmi Pálmason lýsti jafnframt þessum fundi með Hilmar Pétur á lögreglustöð við skýrslutöku hjá héraðssaksóknara. Hann sagði jafnframt að hann hafi heyrt af því að lýsing Hilmar Péturs á þeim lögreglumanni sem Anton átti að hafa hitt í verslun í Kópavogi og greitt fé passaði ekki við kærða. Börkur Árnason lýsti samskiptum sínum við Hilmar Pétur og að sá hafi sagt að Anton greiddi kærða fé mánaðarlega gegn upplýsingum úr fíkniefnadeildinni. Börkur sagði að Karl Steinar hafi tekið við öllum upplýsingum frá honum vegna þessa upplýsingagjafa en kærði haldið sig algjörlega frá þeirra samskiptum enda vitað af þessum ásökunum. Börkur sagði að lýsingar Hilmar Péturs á kærða sem hann sagði Anton einu sinni hafa farið og hitt í verslun í Kópavogi með greiðslu, hafi ekki passað við útlit kærða. Anton Kristinn þvertók fyrir að hafa hitt kærða nokkurn tíma í verslun og sagðist aldrei hafa greitt honum krónu. Kærði þvertók fyrir að þessi fundur með Antoni í verslun hafi nokkur tímann átt sér stað og sagði fráleitt að hann myndi hitta upplýsingagjafa á þannig stað. Þá ítrekaði hann að hann hafi aldrei tekið við fjármunum frá brotamanni.

Meðal gagna er minnisblað Karls Steinars dags. 30. janúar 2012 en þar er farið yfir hvernig málið snýr við honum og færð rök fyrir því að ekkert bendi til þess að kærði hafi þegið greiðslu frá Antoni. Þá liggja fyrir upplýsingar um fund kærða með Antoni og áhættumat fyrir Anton dags. 9. nóvember 2011, gert af kærða. Kemur þar fram það mat kærða að Anton sé í upplýsingasambandi við lögreglu til að beina athygli frá sér og yfir á „keppinauta“. Þá finnst honum þetta spennandi. Rætt er um að Anton hiki ekki við að bjóða lögreglumönnum pening fyrir upplýsingar og því skipti máli að þeir sem séu í samskiptum við hann séu með sterka siðferðiskennd og mikilvægt sé að fara varlega í samskiptum við hann. Í áhættumatinu kemur fram að samskipti við Anton séu í raun óheimil eins og reglur um samskipti við upplýsingagjafa séu á þeim tíma. Sambandið sé í raun einhliða því Anton Kristinn fær ekki greitt né neina fyrirgreiðslu. Sérstaklega er tekið fram að Anton sé á þessum tíma til rannsóknar en kærði og Þorbjörn Valur leggi sig fram um að vita ekkert um það mál svo tryggt sé að engar upplýsingar berist frá þeim til Antons. Loks liggur fyrir minnisblað kærða sem ritað var vegna sögusagna um peningagreiðslur dags. 31. janúar 2012. Gerir hann þar grein fyrir upphafi samskipta við Anton sem voru að frumkvæði Antons árið 2006 er sá setti sig í samband við kærða frá Litla-Hrauni. Þáverandi yfirmaður fíkniefnadeildar, Ásgeir Karlsson, hafi samþykkt sambandið og Guðbrandur Hansson vissi af því. Karl Steinar hafi svo tekið við árið 2007 og fljótlega verið settur inn í sambandið. Núverandi umsjónarkerfi með upplýsingagjöfum hafi verið tekið upp 2. september 2009 en fram að þeim tíma ekkert verið skráð því ekkert kerfi hafi verið til. Á þessum tíma, frá því að upplýsingakerfið var tekið upp, hafi verið skráð 193 samskipti við Anton. Vísar kærði í góðan árangur af upplýsingasamstarfi við Anton og áhættumatið frá 2009. Segir hann Anton



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

mikið hafa spurt og reynt að fá upplýsingar frá þeim sem þeir hafi ekki svarað og gert honum ljóst að svona virki sambandið ekki. Nefnir kærði nokkur dæmi um atvik sem hafa komið upp og aukið áhættu á að upp um samstarfið kæmist. Nefnir m.a. Vestmannaeyjar þar sem Anton var handtekinn og ræddi við Húnboga og biður um að haft verði samband við kærða því þeir eigi í samstarfi. Kærði segist hafa sagt við Húnboga að hann vilji ekki ræða við Anton en Húnbogi engu að síður leyft Antoni að hringja í sig úr sínum síma en kærði slitið samtalinu. Þá nefnir hann tilvik þar sem Eiríkur Benedikt ræddi við Anton á Austur í nóvember 2010. Þá hafi Eiríkur Benedikt sagt við Anton, að hans sögn, að hann vissi um samband Antons við kærða. Þá hafi Anton sjálfur oft gortað sig af því að vera með innanbúðarmann hjá lögreglu er hann var undir áhrifum. Er þeir hafi gengið á hann hafi Anton neitað því að vera með innanbúðarmann og að vera að bera slíkt út en kannast við að hafa heyrt slíku kastað fram af öðrum. Viðbrögð við þessari auknu áhættu hafi verið að kærði hafi dregið sig út úr sambandinu við Anton en ákveðið hafi verið að halda því engu að síður áfram vegna mikils árangurs. Að því er varðar framburð Hilmars Péturs Hilmarssonar vísar kærði honum alfarið á bug og segist aldrei myndu hafa hitt upplýsingagjafa á svo opinberum stað. Hann bendir hins vegar á að hann hafi hitt Anton einn, vegna veikinda Þorbjörns Vals, þann 1. nóvember 2010. Vegna þess fundar hafi hann bókað í Höndlarann m.a. að Anton hafi sagt frá félagi sínum sem heiti Hilmar og hafi komið að mönnum að eiga við bíl sinn og væri viss um að þar hefðu verið lögreglumenn á ferð að koma fyrir hlustunar- eða eftirfararbúnaði. Kærði segist ekkert hafa gefið út á það en reynt að fá nánari upplýsingar um þennan Hilmar en Anton ekkert viljað ræða það frekar. Á þessum tíma sagðist kærði ekki hafa vitað hver þessi Hilmar var. Þá gerði kærði grein fyrir því í samantektinni að hann hafi sagt Berki Árnasyni sem er höndlari Hilmars að líta svo á að Karl Steinar stýri hans vinnu í sambandi við þennan upplýsingagjafa í stað hans sjálfs í ljósi þessara ásakana. Þá er í Höndlaranum bókun frá Þorbirni Val frá 24. nóvember 2010 vegna þess að Anton segir þeim frá samskiptum sínum við Eirík Benedikt á Austur skömmu áður. Fram kemur að Húnbogi er eitthvað að ræða við Anton líka um þetta atvik með Eirík Benedikt. Eiríkur Benedikt ræddi þetta atvik á Austur í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara en hann segir að Anton hafi þar sagt honum að hann væri í sambandi við kærða, það hafi byrjað á Goldfinger og að hann fái upplýsingar frá kærða gegn greiðslu. Eiríkur sagði að Anton hafi átt frumkvæðið að þessu samtali. Karl Steinar lýsir því að honum hafi verið tilkynnt þetta og rætt alvarlega við Eiríki Benedikt um að hann megi ekki ræða um meint upplýsingasamskipti með þessum hætti. Eiríkur Benedikt hafi borið fyrir sig ölvun og sagt að hann hafi „sagt þessa hluti“ við Anton fyrir framan fullt af fólki.

Meðal gagna eru bókanir Barkar um upplýsingar frá Hilmari Pétri þar sem hann segir að Anton hafi sagst greiða kærða fyrir upplýsingar. Hilmar Pétur hafi rætt við Anton að hann væri hræddur um að verið væri að fylgjast með honum. Anton hafi þá látið hann afhenda sér 300.000 krónur og farið með hann upp að verslun í Kópavogi. Tvær bókanir eru um lýsingu Hilmars Péturs á þessu atviki. Í fyrra skiptið segist Hilmar Pétur hafa beðið í bíl á meðan Anton fór inn og aldrei séð kærða í eigin persónu. Næst er Hilmar Pétur og Börkur hittast segist hann hafa farið inn í búðina og gaf lýsingu á útliti og klæðnaði kærða sem Berki fannst ekki passa. Þá liggja fyrir bókanir m.a. frá janúar 2013 þar sem kærði segir Anton ekki heppilegan upplýsingagjafa vegna fyrri reynslu og því að hann stæri sig af



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Guðbrandur Hansson lýsti því við innanhússkoðun og í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara að Karl Steinar Valsson hafi staðfest að hann hafi gefið leyfi fyrir því að Anton Kristinn yrði upplýstur um afskipti lögreglu af Hilmar Pétri Hilmarssyni umrætt sinn. Framburð Ævars Pálma um þetta má skilja þannig að Hilmar Pétur hafi verið að reyna að komast undan mönnum sem hann skuldaði mikla peninga og talað um að þeir myndu fréttu að hann væri í haldi lögreglu og það væri í raun gott því það keypti honum smá frið. Karl Steinar sagðist ekki muna sérstaklega eftir að hafa gefið kærða og Þorbirni Val þessa heimild.

Samkvæmt færslum í Höndlaranum upplýstu kærði og Þorbjörn Valur Anton, með samþykki Karls Steinars Valssonar, að Hilmar Pétur hefði verið handtekinn umrætt sinn. Með hliðsjón af því sem rakið er, sérstaklega þar sem ljóst er að kærði bókar um þessa upplýsingagjöf til Antons og virðist þannig ekki vera að fela það, verður ekki séð að hér hafi verið um refsiverða háttsemi kærða að ræða.

11. Meint tilraun til smygls með skipi (Op. Orion) þann 15. febrúar 2012 (007-2012-8467)  
Bjarni Ólafur Magnússon sagði í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara að umrædd rannsókn hafi farið fram að undirlagi kærða vegna upplýsinga frá upplýsingjafa kærða. Taldi hann að áður hafi sami upplýsingagjafi veitt upplýsingar sem ekki stóðust og því verði kærði að svara fyrir þessa dýru og umfangsmiklu aðgerð sem leiddi ekki til neins. Ekkert fram komið sem styður að eitthvað óeðlilegt hafi átt sér stað né að kærði hafi einhver tengsl við málið.

12. Upplýsingar um lögreglumann og föður hans í maímánuði 2012  
Óljósar upplýsingar komu fram við innanhúss skoðun um þetta en ekkert fram komið sem bendir til þess að eitthvað óeðlilegt hafi átt sér stað.

13. Ingbór Halldórsson sagður njóta óeðlilegrar verndar, febrúar 2013  
Kristinn Sigurðsson telur að Ingbór hafa notið verndar og hljóti að hafa verið upplýsingagjafi neðarlega í pýramída þar sem ekki hafi verið farið í rannsókn á honum þótt einhverjar tilkynningar hafi borist um að hann sé umfangsmikill söluaðili amfetamíns. Karl Steinar Valsson hafi lagst gegn rannsókn á Ingbóri eftir fund með kærða. Anton hafi þannig óbeint notið verndar vegna tengsla Ingbórs við Anton. Ekkert kom fram við rannsókn málsins sem benti til þess að fótur væri fyrir þessu.

14. Rannsókn á meintu peningabætti haustið 2013 (málsnúmer óþekkt)  
Kjartan Ægir Kristinsson sagði að er hann starfaði hjá sérstökum saksóknara hafi hann ásamt öðrum lögreglumanni rannsakað starfsemi Nammibarsins sem Anton Kristinn hafi tengsl við. Hafi þeir komið upplýsingum um meint peningabætti til Karls Steinars Valssonar sem sagðist ætla að láta upplýsingateymið fá þær. Ekkert hafi hins vegar verið gert svo Kjartan Ægir viti. Þá hafi hann heyrt frá Eiríki Benedikt Ragnarssyni að aðili tengdur Antoni Kristni hafi spurt Eirik hvort „sérstakur“ sé eitthvað að skoða Tona. Eiríkur Benedikt staðfesti að aðili tengdur Antoni hafi spurt hann að þessu. Ekkert kom fram við rannsókn málsins sem benti til þess að óeðlilega hafi verið farið með þessar upplýsingar. Þá má bæta við að Karl Steinar sagði að þeir hafi einmitt komið upplýsingum um Anton Kristinn til skattayfirvalda á einhverjum tímamarki en fundist lítið koma út úr því.



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

### 15. Stórfelld ræktun í Arnarholti á Kjalarnesi (málsnúmer óþekkt)

Ekkert sem bendir til þess að kærði hafi haft nein tengsl við þetta atvik.

### 16. Upplýsingar um Hilmar Þór Leifsson í apríl 2014 (málsnúmer óþekkt)

Bjarni Ólafur Magnússon nefndi í innanhúss skoðun LRH og í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara að upplýsingar hefðu borist frá upplýsingagjafa sem hann og fleiri hafi talið mikilvægar og vörðuðu meint fíkniefnabrot Hilmars Leifssonar. Kærða og Þorbirni Vali hafi verið þetta ljóst en ekkert hafi orðið úr málinu. Nokkrar bókanir tengdar þessu fundust í upplýsingakerfum og virðast upplýsingar hafa verið skoðaðar og jafnframt upplýsingagjafinn verið metinn en niðurstaðan sú að upplýsingarnar væru gamlar og upplýsingagjafinn með lítil sem engin tengls við undirheima. Rannsókn leiddi þannig ekkert í ljós sem bendir til einhvers óeðlilegs í sambandi við þetta mál af hálfu kærða.

### 17. Ætluð fíkniefnabrot Halldórs Margeirs Ólafssonar (málsnúmer óþekkt)

Guðbrandur segir að upplýsingar um meint fíkniefnabrot Halldórs Margeirs sem taldar voru vænlegar til árangurs hafi ekki verið notaðar þar sem upplýsingaaðili hafi ekki verið talin áreiðanlegur. Svo að skilja að tengsl Halldórs Margeirs við Anton hafi haft áhrif. Ekkert í gögnum sem styður það. Í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara sagði Guðbrandur að hann hafi ekki verið sáttur við það á sínum tíma að málið hafi ekki verið rannsakað en það þyrfti þó ekki að þýða að neitt óeðlilegt væri við þá ákvörðun. Rannsókn hefur ekki leitt neitt í ljós sem bendir til þess að kærði hafi haft óeðlileg afskipti af málum tengdum Halldóri Margeir Ólafssyni.

### 18. Upplýsingar frá lögreglumanni á Selfossi sumarið 2014

Bjarni Ólafur Magnússon sagði frá því í innanhúss skoðun LRH að ónefndur aðili hafi leitað til lögreglunnar á Selfossi með upplýsingar um Anton því hann treysti ekki R-2. Í málinu er greinargerð frá Jóni Hlöðvar Hrafnssyni, lögreglumanni á Selfossi þar sem hann staðfestir að upplýsingagjafi hafi leitað til hans og sagt að ekki væri hægt að treysta því að þessar upplýsingar bærust áfram hjá LRH því Anton væri með kærða og Þorbjörn Val á launaskrá nánast. Jón Hlöðver bar um þessi samskipti sín við upplýsingagjafann í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara. Ekkert er fram komið við rannsókn málsins sem bendir til annars en að upplýsingagjafinn sé hér að vísa í sögusagnir sem að voru í gangi meðal brotamanna m.a. um meinta mútuþægni kærða.

### 19. Meint afvegaleiðing rannsókna þann 6. nóvember 2014 (007-2014-64815)

Grunur um að kærði hafi afvegaleitt rannsókn á málum Rúnars Ben Maitland og að Anton jafnvel tengdur því. Það hafi hann gert með því að dæla röngum upplýsingum inn í Fróða sem leiddi menn á villigötur. Kristinn Sigurðsson lýsti því í skýrslu hjá héraðssaksóknara að honum hafi fundist afskipti kærða af rannsókn málsins óeðlileg. Þá hafi honum fundist skrítið hvernig upplýsingar í Fróða voru ekki í samræmi við annað í rannsókninni en gat þó ekki fullyrt að þær upplýsingar kæmu frá kærða. Lögreglumaðurinn Þórður Rúnar Halldórsson nefndi einnig í skýrslutöku að honum hafi fundist skrítið að kærði hafi talað



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

niður skyggingar í málinu og eins hafi honum fundist eins og verið væri að afvegaleiða þá með upplýsingum í Fróða.

Þorbjörn Valur segir þá kærða hafa sett allar upplýsingar sem bárust frá upplýsingagjöfum um þetta mál inn í Fróða og telur að eitthvað hefði nú verið sagt ef það hefðu þeir ekki gert. Þá sagði Aldís Hilmarsdóttir, yfirmaður fikniefnadeildar á þessum tíma að hún hafi frekar upplifað það þannig að Kristinn og félagar hafi í sinni rannsókn verið að fjarlægjast Anton og komnir á villigötur og það hafi verið ágreiningur á milli hennar og kærða annars vegar og þeirra sem voru með rannsóknina hins vegar, hvert ætti að fara. Kærði þvertók fyrir að hafa reynt að afvegaleiða rannsóknina. Þeir í upplýsingateyminu geti ekki stýrt því hvaða upplýsingar berast. Þá hafi verið uppi ágreiningur um rannsóknaraðferðir og hvert ætti að fara með rannsókninni en alls ekki um það að ræða að hann hafi verið að hafa áhrif til að vernda Anton.

Samskipti við ákveðin upplýsingagjafa sem ritað er um í Höndlaranum virðast skýra flest sem Kristni og fleirum finnst óeðlilegt. Þannig leiddi rannsókn á málsgögnum ekkert í ljós sem bendir til að kærði hafi haft óeðlileg áhrif í málinu.

### 20. Afhending á gerviefnum við Hótel Frón þann 7. apríl 2015 (008-2015-3685)

Albert Örn Sigurðsson lýsti því í innanhúss skoðun LRH að hann grunaði að kærði hafi komið því þannig við að aukaaðili í málinu var handtekinn áður en hann gat leitt lögreglu til höfuðpours og að sá væri Anton. Í skýrslu hjá héraðssaksóknara lýsir hann atburðarrásinni þannig að Þorbjörn Valur hafi ákveðið að þessi aðili yrði stöðvaður er hann æki af stað frá Hótel Fróni með fikniefni í bílnum. Hann hafi þarna farið að hugsa hvort sögusagnir um spillingu kærða gætu átt við rök að styðjast en viðurkenni þó að það sé langsótt þar sem Þorbjörn Valur hafi átt í þeim samskiptum í talstöð sem hann telur hafa leitt til handtöku of snemma. Í málinu liggur fyrir tölvupóstur Aldísar Hilmarsdóttur þar sem hún skýrir að m.a. óskýr fyrirmæli og samskiptaleysi hafi leitt til þess að of snemma var farið í handtöku. Eftirfararbúnaður hafi bara verið í ferðatösku en ekki pakka og óljóst hafi verið á einhverjum tímapunkti hvort „burðardýr“ átti bara að afhenda pakkann fyrir utan hótelið. Ef svo hefði orðið átti að handtaka viðtakanda strax. „Burðardýrið“ setti hins vegar bæði pakkann og ferðatöskuna í bílinn og þá hefði átt að halda aðgerðinni áfram en sérsveitarmaður hafi komið út af hótelinu og handtekið móttökuaðila. Stefán Sveinsson, lögreglufulltrúi staðfestir þetta og telur ekki að kærði hafi á neinn hátt haft áhrif á aðgerðina. Sömu sögu hefur Ásbjörn Stefánsson, rannsóknarlögreglumaður að segja. Þá eru framburðir Þórðar Rúnars Halldórssonar og Jóhanns Björns Skúlasonar í sömu átt. Þá sagði Þorbjörn Valur, sem stýrði skyggingum í málinu að vaktaskipti hafi verið hjá sérsveitamönnum án vitneskju þeirra og upplýsingar því ekki skilað sér að fullu. Hann hafi gefið fyrirmæli í talstöð eitthvað á þá leið „go“ og þá átt við að hleypa átti viðtakanda fikniefnanna af stað en sérsveitarmaður misskilið það þannig að hann ætti að fara í handtöku. Þorbjörn Valur sagði kærða ekkert hafa komið að þessu. Framburður Aldísar Hilmarsdóttur er á sama veg. Miðað við framburði allra og gögn málsins er það mat héraðssaksóknara að ekkert bendi til þess að kærði hafi haft nein áhrif á það að móttökuaðili fikniefnanna var handtekinn of snemma.



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

### 21. Símhlustun þann 9. apríl 2015 (007-2015-8675)

Meðal málgagna er afrit af símtali sem náðist við hlustun þar sem Hilmar Leifsson og Sævar Þór eru að setja út á að Anton fái að starfa óáreittur fyrir lögreglu og nefna m.a. kærða í því sambandi. Í símtalinu segir Sævar Þór að hann hafi heyrt að Anton sé með tvær löggur í vasanum „Steindór og Hafþór eða eitthvað“. Ekkert sem bendir til annars en að hér hafi mennirnir verið að ræða orðróm á götunni um að kærði væri í óeðlilegu sambandi við Anton Kristinn.

### 22. Leki varðandi fund með upplýsingagjafa í maí 2015 (málsnúmer óþekkt)

Jens Gunnarsson nefndi þetta mál í innanhúss skoðun LRH en það er allt mjög óljóst og erfitt að sjá að hvernig málið tengist kærða.

Í málinu liggur fyrir upplýsingaskýrsla rannsakenda þar sem fram kemur að þær hafi skoðað ítarlega upplýsingar og gögn úr tveimur tölvukerfum sem halda utan um upplýsingar í R-2, annars vegar Höndlaranum og hins vegar Fróða. Leitað var í grunnunum sjálfum og jafnframt borið saman þau gögn sem BE byggði á í innanhúss skoðun. Leitað var eftir nánar tilgreindum leitarorðum, þ.e. eiginöfnum og gælunöfnum tengdum rannsókn og færslur í tengslum við einstök tilvik og lögregluaðgerðir sem upp höfðu komið. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að ekki væri neitt athugavert við skráningar í kerfin og ekkert sem benti til þess að brot hafi verið framin í tengslum við upplýsingaaðila. Þá skoðuðu rannsakendur sérstaklega allar færslur í Höndlaranum tengdum málinu sem hafði verið breytt eða eytt enda kom fram hjá kærða og öðrum lögreglumönnum í upplýsingateymi að allar breytingar vistist, þannig að unnt er að sjá allar breytingar. Skoðunin leiddi í ljós að aldrei var gerð breyting á innihaldi texta og/eða upplýsingum í færslum tengdu málinu eða þeim eytt. Skoðun rannsakenda á s.k. X-drifi hjá R-2 leiddi ekkert athugavert í ljós. Með heimild kærða og eiginkonu hans var aflað gagna um fjármál þeirra. Leiddi rannsókn á þeim gögnum ekkert athugavert í ljós.

Þá var fengin heimild hjá kærða til að skoða tölvupóst hans hjá LRH og var tölvupóstur skoðaður með sérstöku leitarforriti þar sem leitað var að nánar tilgreindum nöfnum og orðum sem tengsl höfðu við málið. Niðurstaðan á skoðun á tölvupóstum er sú að ekkert þar renni stoðum undir að kærði hafi gerst brotlegur í störfum sínum. Þvert á móti fundust ýmsir tölvupóstar þar sem kærði er að vekja athygli á málefnum Antons Kristins og brotastarfsemi hans og ýta á að reynt verði að ná dómi á hann.

Fyrir utan það sem rakið hefur verið úr framburðum vitna og tengist sérstökum tilvikum er rétt að gera grein fyrir því að margir lögreglumenn báru um mjög fagleg og vönduð vinnubrögð kærða og sögðust aldrei hafa orðið neins áskynja sem benti til þess að samband hans við Anton Kristinn væri óeðlilegt. Margir lögreglumannanna lýstu hins vegar mikilli ólgu og flokkadráttum í deildinni og n.k. smákóngastríði. Þá sögðu margir að óánægjuna mætti að hluta til rekja til þess að menn hafi verið ósáttir við breytt fyrirkomulag á utanumhaldi með upplýsingagjöfum og þeir sem ekki hafi verið í upplýsingateyminu verið ósáttir við að fá ekki að vita allt sem teymið vissi.





## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Kærði hefur lýst því að upplýsingasamband hans við Anton Kristinn hafi hafist í nóvember 2006 að frumkvæði Antons. Styður framburður Þorbjörns Vals þessa lýsingu kærða og er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess eða styður þann framburð Antons að hann hafi verið þvingaður til þess að eiga í upplýsingasambandi við fíkniefnadeild. Þá eru framburðir kærða, Þorbjörns Vals og Karls Steinars samhljóða um það hvernig staðið var að upplýsingasambandinu, þ.e. að samskipti hafi verið skráð, Karl Steinar upplýstur um allt og kærði og Þorbjörn Valur báðir séð um samskiptin. Kærði hafi hins vegar dregið sig út þegar sögusagnir fóru að heyrast um óeðlileg samskipti kærða og Antons. Þá bera þeir allir um að aldrei hafi Antoni verið veittar óeðlilegar upplýsingar eða ívilnanir vegna upplýsingasambands síns. Fjölmargar bókanir í Höndlarann og tölvupóstur kærða styðja jafnframt þessa framburði enda oft bókað að Anton sé ítrekað að reyna að fá upplýsingar og greiða vegna sambands síns við upplýsingateymið en því ávallt verið neitað og útskýrt fyrir honum að þannig virki þessi samskipti ekki. Anton Kristinn bar sjálfur um það að hann hafi aldrei greitt kærða neina peninga og sagði að eina skiptið sem hann hafi fengið upplýsingar væri í tengslum við tilvik 3 en þegar hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðu um það tilvik. Anton Kristinn sagði reyndar að hann hafi oft spurt kærða hvort verið væri að hlera hann og kærði stundum neitað því. Hann hafi hins vegar ekki treyst því og er þetta í sjálfu sér í samræmi við ítrekaðar bókanir í Höndlaranum um að Anton hafi oft spurt spurninga sem þessarar og kærði og Þorbjörn Valur komið sér undan að svara eða sagt að hann væri bara paranojaður. Kærði sagðist hafa heyrt orðróm um að hann væri að taka við greiðslum frá Antoni og taldi hugsanlegt að þær sögusagnir hafi byrjað í kjölfar þess að Eiríkur Benedikt ræddi við Anton á Austur árið 2010. Sagðist hann alltaf hafa upplýst sína yfirmenn um þetta og ef aðrir í upplýsingateyminu heyrðu slíkar sögusagnir hafi hann beðið þá að skrá það í upplýsingagrunninn og upplýsa yfirmenn svo hann væri ekki sjálfur að vasast í því. Bókanir í Höndlaranum styðja þetta. Þá sagðist kærði ítrekað hafa rætt við sína yfirmenn og viljað að þessar ásakanir á hendur honum yrðu rannsakaðar almennilega þannig að hann þyrfti ekki að vera með þetta hangandi yfir sér.

Þá sagði kærði að honum hafi þótt óþægilegt að um tíma hafi hann bæði verið í upplýsingateyminu og í rannsóknnum en það hafi ekki farið saman. Hann hafi ítrekað bent sínum yfirmönnum á þetta en samt verið í þessari stöðu um alllangt skeið. Ýmsir framburðir styðja að kærða hafi þótt þetta óþægilegt og gert athugasemd við þetta fyrirkomulag.

Í áhættumati vegna Antons Kristins frá árinu 2009 segir kærði að samskiptin við þennan upplýsingagjafa séu ekki í samræmi við þær reglur sem giltu á þessum tíma. Er kærði hér að vísa til fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 3/1999 um reglur um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu. Þar sagði að óheimilt væri að stofna til fasts upplýsingasambands við virka afbrotamenn. Svo virðist sem þetta hafi verið rætt í tengslum við að Anton varð upplýsingagjafi en yfirmenn samþykkt það og m.a. verið rætt um hvernig ætti að skilgreina virka afbrotamenn. Ekki verður séð að með aðkomu sinni, eins og kærði hefur lýst henni, hafi hann gerst sekur um refsiverða háttsemi eða einhvers konar brot með því að taka þátt í upplýsingasamstarfi við Anton Kristinn. Reglum hefur auk þess verið breytt og var það gert árið 2011 og nú ekki þessi fyrirvari gerður við upplýsingagjafa.



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Að mati héraðssaksóknara hefur íterleg rannsókn á meintum brotum kærða í starfi ekkert leitt í ljós sem rennir stoðum undir það að hann hafi með einhverjum hætti gerst brotlegur í starfi. Svo virðist sem samskiptaörðugleikar innan fíkniefnadeildar (m.a. þar sem ekki hafi allir starfsmenn haft yfirsýn yfir og upplýsingar um alla starfsemina), orðrómur meðal brotamanna og hugsanlega persónulegur ágreiningur skýri að einhverju leiti þrálátan orðróm um hið gagnstæða.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið er áréttað að málið er fellt niður, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008.

Unnt er að kæra ákvörðun héraðssaksóknara um að fella málið til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að tilkynnt er um ákvörðunina, sbr. 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála, sbr. 10. gr. laga nr. 47/2015.

Kolbrún Benediktsdóttir  
varahéraðssaksóknari

Steindór Ingi Erlingsson  
Lækjarvaði 10,  
110 Reykjavík

*Afrit:*  
*Kristján Thorlacius, hrl.*

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu,*  
*b.t. Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, lögreglustjóra*

*Ríkissaksóknari,*  
*b.t. Sigríðar Friðjónsdóttur*

<b>Héraðssaksóknari</b>	
Innk.	27. JÚNÍ 2016
Málsnr.	201606-0879
Bréfal.	04.00

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	
Bl. 03.03.01.	Abm. AAS
Innk.: 27. júní 2016	
LRH 201606-0639	

Reykjavík, 24. júní 2016

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri  
Lögreglustöðinni við Hverfisgötu  
101 Reykjavík

**Efni: Kæra fyrir rangar sakargiftir**

Umbjóðandi minn Steindór Ingi Erlingsson, lögreglumaður hefur falið mér að kæra til lögreglu Húnboga J. Andersen, kt.060473-4989 fyrir rangar sakargiftir.

Brot Húnboga felst í því að hafa þann 15. desember 2015 haft að fyrra bragði samband við embætti ríkissaksóknara og upplýst um að hann væri umbjóðandi aðila sem byggir yfir upplýsingum um meint brot ákveðins/ákveðinna lögreglumanna sem gegndu stöðu yfirmanna í ávana- og fíkniefnadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hann upplýsti að umbjóðandinn hefði áhuga á að deila þessum upplýsingum með yfirvöldum.

Síðar þennan sama dag hafði Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari samband við Húnboga í síma. Í samtali þeirra kom fram að upplýsingarnar sem umbjóðandi hans hafði fram að færa vörðuðu að því er hann sagði brot umbjóðanda míns Steindórs Inga í starfi, með því að veita upplýsingar um mál/málefni fíkniefnadeildarinnar og að umbjóðandi hans hafi greitt Steindóri fyrir slíkt. Þá hafi komið fram að Húnbogi taldi að samband umbjóðanda hans og Steindórs hafi varað frá 2011 jafnvel 2009 og að Steindór hefði fengið einhverjar milljónir frá umbjóðanda hans fyrir upplýsingar.

Þessi samskipti Húnboga urðu til þess að ráðist var í opinbera rannsókn á meintum brotum umbjóðanda míns í starfi og var embætti Héraðssaksóknara falið rannsókn málsins. Eins og embættinu er kunnugt varð þetta ennfremur til þess að umbjóðanda mínum var vikið úr starfi sínu sem lögreglumaður, á meðan á rannsókninni stóð.

Eftir mjög ítarlega og umfangsmikla rannsókn tilkynnti héraðssaksóknari umbjóðanda mínum með bréfi dags 8. júní sl. að rannsókn málsins væri lokið og að ekkert hefði komið fram sem benti til þess að umbjóðandi minn hafi gerst brotlegur í starfi.

Við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af fjölda aðila, þ.m.t. af Húnboga J. Andersen. Í samantekt skýrslutöku yfir Húnboga frá 17. mars 2016 var hann spurður um það hvort að upplýsingar sem fram komu í minnispunktum ríkissaksóknara um samtal þeirra 15. desember 2015 séu frá honum komnar og kannaðist hann við það. Í samantektinni kemur fram að Húnbogi hafi verið sérstaklega spurður um það sem fram kemur í minnispunktum ríkissaksóknara, um hvað sambandið hafi varað lengi og að Steindór Ingi hafi fengið einhverjar milljónir fyrir upplýsingar. Hann er spurður að því hvort þetta sé bara hans

ágiskun, og svarar Húnbogi því játandi. Þá kemur ennfremur fram í samantektinni að aðspurður að því hvort þetta sé eitthvað sem hann sé að búa til, þá svarar Húnbogi því að þetta sé eitthvað sem hann hafi heyrt víða. Þetta sé samantekið frá mörgum stöðum. Af þessu er ljóst að Húnbogi játar annars vegar að hafa haft í frammi þessar füllýrðingar í samtali sínu við ríkissaksóknara um að umbjóðandi minn hafi tekið við greiðslum og hins vegar að þar hafi aðeins verið um ágiskanir hans að ræða.

Fyrir liggur að hinn meinti umbjóðandi Húnboga, en rétt er að benda á að Húnbogi hafði ekki lögmannsréttindi á þeim tíma sem hér er um ræðir og gat því ekki borið skyldur og notið réttinda sem lögmaður, gaf einnig skýrslu hjá héraðssaksóknara við rannsókn málsins. Þar var mættur með honum lögmaður hans.

Í samantekt skýrslutökunnar yfir umbjóðandanum kemur fram að viðkomandi hafi alfarið neitað að hafa leitað til Húnboga með þetta mál. Bornir hafi verið undir hann minnisþingur Sigríðar Friðjónsdóttur frá 15. desember 2015 um samtali hennar við Húnboga og hann svarað því til að ekkert af því sem þar stæði væri rétt. Þá kemur einnig fram í skýrslutökunni að viðkomandi hafnar því alfarið að hafa nokkru sinni greitt Steindóri fyrir upplýsingar um málefni lögreglu. Hann kveðst einu sinni hafa fengið upplýsingar frá Steindóri um mál, en fyrir liggur í rannsókn héraðssaksóknara, að þær upplýsingar voru veittar á grundvelli hagsmuna lögreglu og með fullu samþykki yfirmanna Steindórs Inga.

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að Húnbogi J. Andersen veitti saksóknara vísitandi rangar upplýsingar í samtali þann 15. desember 2015 þar sem hann fullyrti að umbjóðandi minn Steindór Ingi hefði gerst sekur um mjög alvarlegt brot í starfi sem lögreglumaður, tekið við milljónum króna fyrir upplýsingar um starfsemi lögreglu. Hann viðurkenndi síðan í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara að þær upplýsingar sem hann lét ríkissaksóknara í té voru einvörðungu hans ágiskanir. Húnbogi hefur því þegar viðurkennt að upplýsingar sem hann veitti ríkissaksóknara voru rangar og byggði hann þær alfarið á ágiskunum og sögusögnum.

Með þessu athæfi sínu varð Húnbogi til þess að umbjóðandi minn þurfti að sæta ítarlegri opinberri rannsókn, var leystur frá embætti sínu í 5 mánuði á hálfum launum, starfsferill hans var lagður í rúst og hann þurfti að þola mjög harkalega og meiðandi umfjöllun fjölmiðla um störf sín og hin meintu brot.


Umbjóðandi minn telur að með þessu athæfi sínu hafi Húnbogi gerst sekur um brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem er svohljóðandi:

■ 148. gr. Hver, sem með rangri kær, röngum framburði, rangfærslu eða undanskoti gagna, öflun falgagna eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, skal sæta ...<sup>2)</sup> fangelsi allt að 10 árum. Við ákvörðun refsingar skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. ...<sup>2)</sup> Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

Þess er hér með krafist að embættið takið mál þetta til rannsóknar þegar í stað og að ákæra verði gefin út á hendur Húnboga fyrir þau brot sem hann hefur gerst sekur um.

Lögð er áhersla á að rannsókn málsins verði sett í forgang og embættið hlutist til um að hún gangi eins hratt og nokkur kostur er.

Virðingarfyllst,  
f.h. Steindórs Inga Erlingssonar



Kristján B. Thorlacius hrl.

Meðfylgjandi:

Minnisblað ríkissaksóknara dags 15. desember 2015

Samantekt skýrslutöku yfir Húnboga J. Andersen dags 17. mars 2016

afrit:

Innanríkisráðuneytið



## LÖGREGLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

RÍKISSAKSÓKNARI

Innk.: 19. JÚLÍ 2016

Málanr. \_\_\_\_\_

Bréfal: \_\_\_\_\_

Ríkissaksóknari,  
Suðurlandsbraut 4,  
108 Reykjavík.

Reykjavík 15. júlí 2016.  
LÖKE: 300-2016-000087.

Meðfylgjandi sendist yður frá ríkissaksóknari kæra Kristjáns B. Thorlacius hrl., fyrir hönd Steindórs Inga Erlingssonar, á hendur Húnboga J. Andersen, lögfræðingi og fyrrum rannsóknarlögreglumanns við embættið.

Húnbogi er kærður fyrir rangar sakagiftir með því að hann hafi með röngum framburði komið því til leiðar að hafin var sakamálarannsókn á hendur kæranda Steindóri Inga Erlingssyni fyrr á þessu ári. Í kæru er háttsemi Húnboga, sem rakin er í kæru og studd gögnum sem henna fylgja, talin varða við 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Steindór Ingi er rannsóknarlögreglumaður við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt kæru og gögnum sem henna fylgja varðar lýsing kærða á refsiverðri háttsemi starf kæranda hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Vegna þeirrar staðreyndar að kærandi er starfsmaður embættisins og af framangreindum ástæðum þykir orka tvímælis að rannsókn og meðferð þessa máls fari fram hjá embættinu. Með vísan til 2. mgr. 24. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 eru gögn send embætti yðar til úrlausnar og þóknanlegrar ákvörðunar um það hvort rannsókn og málsmeðferð megi og geti farið fram hjá embættinu.

Mirðingarfullst,

HÉRAÐSSAKSÓKNARI	SKÝRSLA	HÉRSAK
Skýrslu gerir	Samantekt framburðar vítis	Mál nr.
María Pálsdóttir, lögreglufulltrúi		300-2016-07
Staður og stund:		
Reykjavík, fimmtudagur 17. mars 2016		
Sakarefni:	Ætluð brot gegn XIV. og XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940	
Vítis	Kennitala:	
Húnbogi Jóhannsson Andersen	060473-4989	
Starf/staða:	Sími:	
Fyrirverandi rannsóknarlögreglumaður í R-2		
Lögheimili:	GSM-farsími:	
Skípalóni 26, 220. Hafnarfjörður		
Dvalarstaður:	Sími:	

Eftirfarandi er samantekt úr framburði Húnboga Jóhannssyni frá 29. janúar 2016. Húnbogi mætti til skýrslutöku á skrifstofu héraðssaksóknara og var skýrslutakan tekin upp í hljóði og mynd í Indico búnaði lögreglu. Vísað er til undirritaðrar mætingarskýrslu varðandi kynningu á réttarfarsákvæðum, framlögð gögn og framkvæmd skýrslutöku, að öðru leyti er vísað til afrits upptöku á disk 93029 skjalmerkt í kafla V/20.2.

#### Samantekt framburðar

Húnbogi sagðist hafa byrjað í R-2 í apríl 2001 þá í götuhópi en um ári síðar hafi Steindór komið inn í þann hóp. Húnbogi sagðist hafa farið í langtímarannsóknir og verið þar til ágúst 2009 en þá hafi hann farið í stutt leyfi og ekki farið í fíkniefnadeild aftur eftir það.

Spurður um gagnagrunna sem notast er við í fíkniefnadeildinni (Höndlarann og Fróða) sagðist Húnbogi ekki þekkja þá.

Spurður um upplýsingaaðila ef hann var með slíka og sagði Húnbogi að reglurnar sem voru í gildi hafi verið þær að ef rannsakarar voru með upplýsingaaðila þá áttu þeir að láta næsta yfirmann vita af því hver hann var og hvaða upplýsingar hann var að gefa. Húnbogi sagðist hafa verið með upplýsingaaðila. Hann sagði að það hafi verið einhvern tímann eftir 2007, því Karl Steinar hafi verið tekinn við fíkniefnadeildinni, sem Steindór var sendur á námskeið hjá Interpol eða Europol af Karli Steinari þar sem hann lærði hvernig átti að vera í sambandi við upplýsingaaðila og þegar Steindór kom heim af þessu námskeiði hafi þeim í deildinni verið tilkynnt að ef aðilar vildu gefa lögreglu upplýsinar átti að láta Steindór sjá um það því hann væri sérþjálfaður í því.

Húnbogi sagði að ef hann hafi fengið upplýsingar hjá sínum upplýsingaaðila hafi hann látið lögreglufulltrúa vita munnlega hvað þeim fór á milli en engar skýrslur hafi verið ritaðar.

Spurður um utanumhald á upplýsingum sagðist Húnbogi ekki vita hvort yfirmaðurinn hélt eitthvað utan um þær. Hann sagðist hafa verið með upplýsingaaðila sem fengu greitt frá embættinu og það hafi allt saman verið skjalfest. Hann sagði skjalfest hvaða upplýsingar þeir voru að gefa, hvað þeir fengu greitt fyrir þær og hvað upplýsingarnar leiddu af sér. Upplýsingaaðili þurfti að kvitta fyrir móttöku á peningum.

Húnbogi sagði að í þessum heimi byggist allt á því að hafa upplýsingaaðila og þú sért að reyna að rækta svoleiðis samband við alla sem þú hefur afskipti af hvort sem þú ert að handtaka eða hvað sem er. Hann sagði að mikið af upplýsingunum hafi verið þannig að það þurfti að vinna mikið úr þeim til að staðfesta þær og reyna að fá annars staðar frá.

Hann sagði að margoft hafi þeir fengið litlar eða takmarkaðar upplýsingar sem þeir settu í upplýsingaskýrslu en þar hafi ekkert komið fram um það hver upplýsingaaðilinn var heldur hafi í skýrslunum komið fram að til undirritaðs hafi leitað aðili sem óskaði nafnleyndar og greint frá hvort hann hafi áður gefið upplýsingar og hvort hann sé trúverðugur. Þessar skýrslur hafi síðan í framhaldi verið notaðar til að fá úrskurði og annað slíkt. Húnbogi sagði að sá sem var í upplýsingasambandinu og lögreglufulltrúinn hafi vitað hver upplýsingaaðilinn var en ekki aðrir rannsakarar.

Spurður hvort Karl Steinar hafi tilkynnt að Steindór hafi átt að halda utan um alla upplýsingagjafa sagði Húnbogi bæði upplýsingagjafa og samskiptin við þá og allt. Hann minnti að fljótlega eftir að Steindór hafi komið af námskeiðinu hafi verið stofnað eitthvað sem enginn vissi hvað var. Tobbi Valur og Steindór hafi farið inn í eitthvað herbergi afsíðis og voru saman á skrifstofu og byrjuðu í einhverju sem enginn vissi hvað var.

Nánar spurður sagði Húnbogi að menn hafi vitað að þeir voru að vinna eitthvað í upplýsingum og einhverju. Þetta hafi bara gerst og enginn vissi neitt og engum var sagt neitt að því er hann minnti.

Spurður hvort menn hafi verið óánægðar með þetta svaraði Húnbogi nei nei bara klíkuskapur og svona. Hann sagði að menn hafi verið misjafnlega vel liðna og misjafnlega þóknanlega yfirmönnum þannig að þetta hafi bara verið eitthvað sem var gert og svo sem enginn ósáttur við það.

Spurður þar sem hann segir að enginn hafi vitað hvað þeir voru að gera hvort þetta hafi verið eitthvað þukur sagði Húnbogi að þeir hafi bara verið að gera eitthvað. Þeir hafi farið út í að sjá um skyggingar og eitthvað.

Húnbogi sagði að ef hann var með aðila sem vildi gefa upplýsingar þá hafi hann ekki farið með hann til Steindórs. Spurður hvort menn hafi almennt gert það sagðist hann ekki vita það. Hann sagðist ekki hafi verið að rjúfa trúnað við sinn upplýsingagjafa með því að gefa Steindóri eða þeim upplýsingar um hver aðilinn var það var ekki það sem hans upplýsingaaðilar vildu og ekki það sem hann vildi fyrir þá heldur. Húnbogi sagði að þetta sé mannorð þitt og trúverðugleiki þinn og þú lætur kannski ekki alla hafa aðgang að því. Þannig að ef einhver hafi hefði komið til hans í trúnaði og hann rofið þann trúnað til að láta annan vita og sá aðili svo svikur þann trúnað þá spyrst það út. Húnbogi sagði að ef þú rýfur trúnaðarsamband við upplýsingaaðila þá megir þú eiga von á því að það spyrjist út og það mun enginn treysta þér í framhaldi. Þannig að hann hafi haldið trúnaði við þá aðila sem vildu enda búinn að vera í þessu í nokkur ár þarna á þessum tíma og búinn að rækta trúnaðarsamband við ákveðna aðila og þó svo að það hafi komið einhver fyrirmæli eða tilmæli frá yfirmanni um að fara með allt í gegnum Steindór og Tobba þá hafi hann ekki viljað gera það.

Spurður hvort hann hafi boðið sínum upplýsingaaðilum upp á það, sagt þeim að það væri búið að stofna sérstakt upplýsingateymi svaraði Húnbogi neitandi.

Húnboga var kynnt að Fróði væri kerfi sem Ólafur Guðmundsson hélt upphaflega utan um og áttaði hann sig þá á því kerfi en sagðist ekki þekkja nafnið. Hann hafi vitað að þeir voru með ákveðið kerfi í gangi. Hann sagði að það hafi verið útbúið skráningakerfi utan um mál sem þeir tóku í götuhópnum. Það hafi verið alls konar tilraunir í gangi en hann muni þó ekki eftir sérstöku kerfi til að færa inn upplýsingaaðila en þeir hafi fært inn upplýsingar og mál sem þeir tóku og svona.



Ríkissaksóknari

# Minnisblað

Til: Ríkissaksóknara  
Afrit: Vararíkissaksóknari  
Frá: Ríkissaksóknari  
Dags: 15. desember 2015  
Varðar:

Góðan daginn.

Undirritaður er umbjóðandi aðila sem býr yfir upplýsingum er snúa að meintu broti ákveðins/ákveðinna lögreglumanna sem gegndu stöðum yfirmanna í ávana- og fíkniefnadeild lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu.

Umbjóðandinn hefur áhuga á að deila þessum upplýsingum að því gefnu að hægt sé að gera ákveðna fyrirvara vegna þess framburðar sem hann myndi gefa í tengslum við málið.

Er það mat undirritaðs að þær upplýsingar sem umbjóðandi hans býr yfir séu marktækar og gætu skipt sköpum við rannsókn málsins.

Er þess óskað að haft verði samband við undirritaðan svo hægt sé að ræða boð umbjóðanda hans frekar.

Með bestu kveðju

**Húnbogi J. Andersen**  
Lögfræðingur/Löglærður fulltr.  
GSM: +354 892 2831



LÖGMENN LAUGARDAL

Í kjölfar ofangreinds tölvupóst hringdi ég í Húnboga í dag kl. 17.04 til að kanna hvaða upplýsingar/upplýsingagjafa um væri að ræða. Í ljós kom að umbjóðandi Húnboga (H) er [REDACTED] sem skv. H er reiðubúinn til að gefa upplýsingar/bera um að

January 8, 2016

Steindór I. Erlingsson (S) lögreglufulltrúi hafi brotið af sér í starfi með því að veita [REDACTED] upplýsingar um mál/málefni fíkniefnadeildarinnar og að hann hafi greitt S fyrir slíkt [REDACTED] vill lýsa því sem gekk á. [REDACTED] vill hins vegar ekki gefa upplýsingarnar formlega nema hann fái skriflegt loforð frá yfirvöldum um að hann verði ekki sóttur til saka/kærður fyrir hugsanleg refsiverð brot sín vegna samskiptanna við S. Ég sagði H að heimildir til slíks væru ekki í okkar lagaumhverfi en að ég myndi skoða vandlega hvernig brugðist yrði við þessu erindi. H sagði [REDACTED] vera tilbúinn til að ræða óformlega við ríkissaksóknara eða þann sem myndi vinna að rannsókn á vegum rs til að auðvelda rannsóknina/koma henni áfram, án þess að gefa skýrslu. Lýsa hlutum sem geta hjálpað okkur við rannsókn. H taldi "samband" [REDACTED] og S hafa varað frá 2011 jafnvel 2009, og að S hefði fengið einhverjar milljónir frá [REDACTED] fyrir upplýsingar. Hugsanlega "samband" við Karl Steinar líka. Í upphafi hefði S nálgast [REDACTED] og þvingað hann til að veita sér upplýsingar um fíkniefnabrot annarra undir þeirri hótun að fara annars í rannsóknir/einelti á [REDACTED] en síðan hefði [REDACTED] snúa valdataflinu sér í hag og að upplýsingar hafi þá lekið í báðar áttir. Aðspurður um ástæðu þess að [REDACTED] vildi koma fram með þessar upplýsingar um S þá teldi [REDACTED] að S hefði svikið sig og væri reiður/fúll út í S og það að hann hefði komist upp með þetta. Nefndi mál frá 2013 þar sem [REDACTED] hefði verið handtekinn og vistaður í klefa í 6 klst. og frkv. húsleit heima hjá honum, sbr. H 147/2015 (rannsóknin fór fram á árinu 2012). Að [REDACTED] liti svo á að S hefði svikið sig með því að segja sér ekki frá þeirri rannsókn. H sagði að ekkert væri því til fyrirstöðu að ég upplýsti HMG eða aðra sem að rannsókn/skoðun á ætluðum brotum S kæmu um að [REDACTED] væri reiðubúinn til að veita þessar upplýsingar um S með því skilyrði að það yrði aldrei notað gegn honum.

15/12/15 SJF

Spurður hvernig hafi verið farið með það ef hann var með upplýsingaaðila sem gaf honum áhugaverðar upplýsingar sagðist Húnbogi þá hafa farið með upplýsingarnar til Guðbrands sem tók þá hugsanlega ákvörðun. Síðan hafi verið fundir reglulega þar sem menn ræddu sín á milli og hugsanlega aðrir sem fengu sambærilegar upplýsingar eða upplýsingarnar metnar trúanlegar þá var hugsanlega farið út í rannsóknir. Ef um minni mál var að ræða var gerð upplýsingaskýrsla sem send var á götuhópin sem fór og böstaði ef þetta voru upplýsingar um solumenn eða svoleiðis.

Húnbogi sagði að einu mennirnir sem gátu tekið ákvörðun um að starta rannsókn hafi verið lögreglufulltrúinn og aðstoðaryfirlögregluþjónninn.

Spurður um Steindór þegar hann byrjaði í deildinni í götuhópi eins og áður hefur komið fram sagði Húnbogi að Steindór hafi ekki verið þar lengi það hafi komið upp eitthvað stórt skipamál sem hann og annar rannsakari hafi rannsakað og í framhaldi hafi hann farið í langtímarannsóknir. Það hafi síðan verið eftir 2007 sem hann fór á námskeiðið og í eitthvað tengt því eftir námskeiðið.

Spurður hvernig upplýsingar hafi borist í deildina eða til rannsakara eftir að upplýsingateymið var stofnað sagði Húnbogi að það hafi þá verið eitthvað sem rætt var á deildarfundum eða að Guðbrandur boðaði menn til sín eða eitthvað þannig. Húnbogi sagði þá aldrei hafa vitað hvaðan upplýsingarnar komu enda hafi upplýsingar farið upp [til hærra settra] en aldrei til hliðanna [til rannsakaranna].

Spurður hvort hann hafi grunað á þessum tíma að Steindór væri í óeðlilegum samskiptum við brotamann eða menn svaraði Húnbogi nei ekkert sérstaklega og ekki óeðlilegum. Hann sagðist hafa vitað og haft grun um að hann væri í samskiptum við einhverja enda allir að reyna að rækta upplýsingasambönd því það sé ekki hægt að byrja á neinu án upplýsinga.

Spurður hvað hann geti sagt um það sem til rannsóknar er, þ.e. grunsemdir um að Steindór hafi átt í óeðlilegum samskiptum við [REDACTED] og hugsanlega að hafa þegið peninga af brotamanni í skiptum fyrir upplýsingar um rannsóknir lögreglu sem beindust sérstaklega að brotamanninum sjálfum og hugsanlega að hafa afvegaleitt rannsóknir sem beindust að brotamanninum sagði Húnbogi hann þekki [REDACTED]. Hann sagði [REDACTED] hafi komið við sögu hjá lögreglu frá þeim tíma sem hann byrjaði í fíkniefnadeildinni en eftir að hann [Húnbogi] hætti í lögreglunni hafi hann farið í lögfræðinám og klárað það og vinnur sem fulltrúi á lögmannsstofu. Húnbogi sagði [REDACTED] hafa leitaði til sín sem fulltrúa og þeir hafi rætt ákveðin mál. Hann sagðist í framhaldi af því hafa sent tölvupóst, sem hann lagði fram, til Sigríðar Friðjónsdóttur ríkissaksóknara og síðan átti samtál við hana um [REDACTED], skjólstæðing hans, og hún hafi óskað eftir því að fá að upplýsa einhvern annan samstarfsmann sinn um vilja [REDACTED]. Húnbogi sagðist síðan hafa fengið símtal frá Ásgeiri Karlssyni og þeir hafi rætt málefni umbjóðandans [REDACTED] og þann möguleika að [REDACTED] hefði áhuga á því, að eigin frunkvæði, að koma og ræða við lögreglu og upplýsa um samskipti sín við Steindór en það hafi ekki gengið eftir. Húnbogi sagðist ætla, þar sem [REDACTED] hafi leitað til hans sem fulltrúa lögmanns og lögmannsstofunnar, að þá gildi trúnaður um það sem þeim fór í milli.

Spurður sem lögreglumaður þegar hann starfaði sem slíkur sagði Húnbogi að það eina sem hann muni eftir er að hann hafi verið að vinna sem lögreglumaður á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, 2006, 2007 eða 2008 og þá haf [REDACTED] verið handtekinn og Húnbogi rætt við hann. Húnbogi sagði að [REDACTED] hafi þá beðið hann um að leyfa sér að hringja í og tala við Steindór. Spurður hvort hann hafi spurt [REDACTED] hvers vegna Steindór svaraði Húnbogi

neitandi en sagði það gefa augaleið að þeir hafi þekkt og [REDACTED] hafi ætlað að fá einhverja aðstoð frá honum og hugsanlega hafi [REDACTED] ætlað að fá aðstoð hjá Steindóri til að losna úr fangaklefa eða eitthvað eða það hafi verið sú ályktun sem hann dró af málinu.

Spurður hvernig þetta hafi farið sagði Húnbogi að [REDACTED] hafi setið inni þessa nótt. Húnbogi sagðist ekkert vita hvað þeim fór á milli hann hafi hringt í Steindór og sagði honum að hann væri með [REDACTED] hjá sér sem óskaði eftir að tala við hann og hvort hann vildi gera það sem Steindór gerði. Húnbogi sagðist þá hafa rétt [REDACTED] símann og þeir hafi talað eitthvað saman og þegar samtalinu lauk þá hafi hann tekið símann aftur og farið.

Spurður hvort hann hafi ekki heyrt hvað fór þeim á milli eða í það minnsta hvað [REDACTED] sagði svaraði Húnbogi því neitandi. Hann sagðist hafa látið [REDACTED] hafa símann og farið út úr klefanum og lokað hurðinni. Spurður hvort hann hafi skilið [REDACTED] eftir einan í fangaklefa með síma sagðist Húnbogi hafa vitað við hvern [REDACTED] var að tala. Hann hafi beðið fyrir utan klefann þar til símtalinu lauk og þá hafi hann tekið símann og farið.

Spurður hvort það sé eitthvað frekar sem hann vill taka fram sagði Húnbogi að hann viti að það hafi komið fram hérna við skýrslutökur að [REDACTED] hafi sagt honum ákveðna hluti 2010. Húnbogi sagðist hafa deilt þeim upplýsingum með öðrum en eftir að hafa rætt við [REDACTED] í desember 2015 þegar hann leitaði til lögmanna Laugardal og hans [Húnboga] sem fulltrúa þar þá eigi hann mjög erfitt með að greina á milli hvaða upplýsingar gildi trúnaður um og ef þeir hafi núna 2015 rætt aftur um sambærileg mál og 2010 þá vilji hann meina að um þau gildi trúnaður í dag og hann geti ekki talað um það.

Spurður þrátt fyrir að þetta séu málefni sem [REDACTED] var að ræða við Húnboga 2010 þegar hann er ekki bundin trúnaði gagnvart honum hvort hann kjósi að tjá sig ekki um það sagðist Húnbogi kjósa að tjá sig ekki um það sem hann ræddi 2010 og núna aftur 2015 eftir að [REDACTED] hafði áhuga á að gefa lögreglu upplýsingar um hvernig þessu öllu var háttað.

Spurður hvort hann viti um framhaldið af því sagði Húnbogi að hann hafi sent Sigríði ríkissaksóknara tölvupóst, Sigríður hafi hringt í hann og þau rætt saman og Húnbogi hafi látið hana vita hver umbjóðandinn er og hvað hann hafi áhuga að gera og segir eins og fram kemur í tölvupóstinum (Húnbogi les upp úr tölvupóstinum) „*Umbjóðandi minn hefur áhuga á að deila þessum upplýsingum að því gefnu að hægt sé að gera ákveðna fyrirvara vegna þess framburðar sem hann mundi gefa í tengslum við málið*“ Húnbogi sagði [REDACTED] ekki hafa áhuga á að gefa lögreglu eitthvað sem hægt væri að nota gegn honum.

Spurður hvort hann viti af hverju [REDACTED] kom til hans sagði Húnbogi einhverjar ástæður fyrir því og eins og hann hafi sagt við Sigríði [ríkissaksóknara] þá sé það ekki af góðmennsku. Það sé ekki vegna þess að [REDACTED] vilji berjast fyrir því að...það er bara hann hafi sínar ástæður sem séu einhverjar.

Húnbogi sagði að [REDACTED] hafi haft áhuga á að upplýsa lögreglu um hvernig samskipti hann hafi átt við Steindór, hvernig þau komu til og hvernig þeim var háttað. Húnbogi sagði að eftir að hafa rætt við Ásgeir Karlsson, sem hafði samband við hann til þess að reyna að fá [REDACTED] til að koma og ræða við lögreglu, þá hafi ekki verið hægt að gera þessa ákveðnu fyrirvara og [REDACTED] hafi ákveðið að koma ekki að fyrra bragði og gefa upplýsingar.

Húnboga er kynnt að í málgögnum sé samantekt sem Sigríður Friðjónsdóttir geri í framhaldi af símtali hennar við Húnboga þann 15. desember 2015 samantekt Sigríðar var lesin fyrir Húnboga.

Húnbogi sagði eftir lesturinn að hann muni nú ekki alveg nákvæmlega hvernig þetta var en eins og Sigríður segi þarna sjálf þá sé Húnbogi að segja hugsanlega og mögulega og eitthvað þannig að þetta þurfi ekki að vera allt það sem milli hans og skjólstæðings hans fór. Hann sé að tala um hugsanlega þetta og hugsanlega hitt.

Spurður hvort hann sé að meina að þetta sé frá honum komið segir Húnbogi að hann sé að segja að hugsanlega hafi einhverjir peningar farið á milli og hugsanlega þetta og hugsanlega hitt sko. Húnbogi segist vera að fylla í eyðurnar um hvað hugsanlega gætu verið þær upplýsingar sem skjólstæðingur hans býi yfir og gæti upplýst um ef til þess kæmi.

Spurður um það sem segir í samantektinni að Húnbogi taldi að sambandið hafi varðað frá ....svo og svo lengi og að hann hafi fengið einhverjar milljónir fyrir upplýsingar hvort þetta sé bara hans ágiskun svaraði Húnbogi því játandi.

Aðspurður hvort það hafi ekki eitthvað komið fram um greiðslur sagði Húnbogi að hann sé búinn að vera viðloðandi þetta mjög lengi og upplýsingar um Steindór hafi verið fljótandi og þetta sé ekkert endilega....þetta sé ...hluti af þessu sé...og náttúrulega hluti af því sem hann hafi rætt við Sigríði líka var að þeirra samtal væri í rauninni óformlegt og hann væri....og þetta væru í raun hans hugmyndir um hvað hann teldi umbjóðanda hans geta upplýst um.

Spurður hvort þetta sé eitthvað sem hann sjálfur sé að búa til sagði Húnbogi að þetta sé eitthvað sem hann hafi heyrt víða. Þetta sé samantekið frá mörgum stöðum.

Spurður hvort þetta sé jafnvel orðrómur sem hann sé að hafa eftir og hvort þetta sé ekki frá [REDACTED] sjálfum komið svaraði Húnbogi neitandi.

Spurður hvort þetta sé jafnvel ekki satt sem hann er að segja svaraði Húnbogi að hann sé að segja að þetta séu mögulegar upplýsingar sem að umbjóðandi hans gæti upplýst um.

Aðspurður hvort [REDACTED] hafi ekkert sagt Húnboga um peningagreiðslur sagði Húnbogi að hann geti ekkert rætt hvað þeim fór á milli. Hann sé bara að benda Sigríði á að aðili hafi áhuga á að gefa lögreglu upplýsingar og þar gæti mögulega verið um að ræða þessar upplýsingar eða svona eða svona. Það komi í ljós ef umbjóðandi hans mundi koma og ræða við hana þá gæti hún fengið það á hreint hvað væri um að ræða.

Húnboga var bent á að Sigríður taki þetta greinilega algjörlega þannig, sem rannsakara finnst ekkert skrítið, að upplýsingarnar liggja fyrir þar sem fram komi m.a. í lokin að Húnbogi sé tilbúinn að veita þessar upplýsingar til þeirra sem rannsaka málið. Húnbogi sagði að það komi ekkert fram í samantektinni að Sigríður sé að spyrja hann spurninga, margra og ítrekaðra. Sigríður hafi spurt, Getur þú gert þetta? Getur þú gert þetta? Getur hann sagt þetta? Og Húnbogi sagðist hafa svarað já mögulega getur hann það. Mögulega hefur þetta verið svona og mögulega er þetta frá 2011 eða 2009. Kannski einhverjir peningar þú veist.

Aðspurður hvort þessi samantekt Sigríðar byggji á samtali þeirra og svörum hans við hennar spurningum svarar Húnbogi játandi og segir að Sigríður geri sér fyllilega grein fyrir...eða hann hafi rætt það líka við hana sérstaklega að þetta sé mjög óformlegt hann væri að hringja til að kanna hvort það væri einhver áhugi á að heyra í hans skjólstæðingi um þetta mál. Hún hafi svo farið að reyna að spyrja hann út í s.s. hvaða upplýsingar hann gæti hugsanlega veitt og hann svari henni með að [REDACTED] gæti hugsanlega sagt þetta og hann gæti hugsanlega sagt hitt.

Aðspurður hvort hann hafi sagt þetta þrátt fyrir að hafa ekkert í hendi um að [REDACTED] væri að fara að segja hitt eða þetta svaraði Húnbogi því að hann geti náttúrulega ekki upplýst hvað honum og hans skjólstæðingi fór í milli og muni ekki gera það. Húnbogi sagðist ekkert geta að því gert hvernig Sigríður túlki þetta samtal þeirra annað en það að hann gaf henni fyrirvara á að þetta

væri mjög óformlegt þetta væri ekkert sem að...s.s. þetta væri bara könnun og hvernig hún túlki þetta og skrifi minnisblað og fullyrði einhverja hluti. Húnbogi sagðist samt ekki sjá annað en að Sigríður tali um að hann gæti mögulega hafa verið svona og þetta hafi mögulega verið svona. Hún sé ekki að fullyrða að Húnbogi hafi sagt eitt né neitt og það sé sannleikur. Hún sé bara að segja að Húnbogi hafi svarað spurningum með þessum hætti og hinum hættinum.

Húnboga kynnt að rannsökurum finnist sem Sigríður sé í raun að segja meira en það. Hún sé að segja að hann sé tilbúinn að koma fram með eitthvað, svo lengi sem hann fái, eða verði ekki sóttur til saka. Húnbogi sagði að margt af því sem fram komi í minnisblaði Sigríðar séu hans svör við spurningum sem hún spurði. Þetta hafi ekki verið upplýsingar sem Húnbogi bauð að fyrrabragði eða gat fullyrt um hvort að væri satt eða rétt. Húnbogi sagði minnisblaðið bara standa sem slíkt. Húnbogi segist ekki viss hvort símtalið hafi verið hljóðritað líka en sagði að það væri þá bara gott ef svo væri því hann muni ekki eftir að hafa...sko hann hafi aldrei fullyrt við hana að eitthvað af þessu, að það sem hann væri að segja væri einhver sannleikur eitthvað sem væri hægt að bóka og fullyrða sko.

Húnboga kynnt að hann geti ekki sagt að þetta sé sannleikur en væntanlega eitthvað sem skjólstæðingur hans sé tilbúinn að segja, svaraði Húnbogi að hann muni ekki nákvæmlega hvernig bréfið hljómaði en ef að hans umbjóðandi hefði komið að ræða við lögreglu þá hefði hann geta upplýst um hvernig það hafi verið. Húnbogi sagði Sigríði hafa spurt, Hvað heldur þú að þetta hafi staðið yfir lengi? Hann hafi svarað kannski 2011 kannski 2009. Hún hafi spurt, Hefur hann tekið við einhverjum peningum? Hann hafi svarað ég veit...kannski einhverjir hundrað kallar kannski einhverjar milljónir það fer eftir því hversu lengi þetta stóð yfir. Hann bara viti það ekki. Húnbogi sagði þetta allt saman tilgátur sem hún hafi verið að spyrja og hann að svara miðað við að þau hafi verið að eiga óformlegt samtal um hvaða möguleikar gætu verið í stöðunni. Húnbogi sagðist hafa verið búinn að heyra ýmislegt áður þannig að þetta hafi bara verið samantekt á hans vitneskju á máli sem komi úr mörgum áttum.

Aðspurður hvort þetta sé líka eitthvað sem hann hafi verið að heyra út í bæ sagði Húnbogi svo vera. Spurður hvort þetta hafi verið sögusagnir jafnvel líka sem hann hafi verið að Sigríði sagðist Húnbogi hafa verið að svara hennar spurningum með hvað væri mögulega hægt að svara ef að umbjóðandi hans muni koma og ræða við lögreglu. Húnbogi sagði að í þessu felist engin fullyrðing um sannleika eða neitt um það sem honum og hans skjólstæðingi fór á milli.

Húnboga kynnt að rannsakarar telji að sjálfsögðu að hann sé að ræða við Sigríði um hvað þeim [honum og skjólstæðingi hans] hafi farið á milli og hvað hann [redacted] sé tilbúinn að gera svo lengi sem hann verði ekki sóttur til saka. Þannig les rannskari þetta minnisblað. Húnbogi sagðist hafa verið að ræða við, [redacted] og hringi síðan í Sigríði og láti hana vita að hann [redacted] sé tilbúinn að koma og ræða við hana eða ræða við lögreglu og svo hafi þetta farið út í spurningar frá henni til Húnboga. Hvað getur hann sagt? Þetta? Hvað getur hann sagt hitt? Hvað heldur þú um þetta? Og hvað heldur þú um hitt? Það sé þá bara eitthvað sem hann [Húnbogi] tæni til úr mörgum áttum sko. Húnbogi sagðist ekki vera að segja og það komi hvergi fram þarna að [redacted] hafi sagt honum þetta eða hitt. Hún sé bara að spyrja Hvað heldur þú? Heldur þú að hann geti sagt þetta? Heldur þú að hann geti sagt hitt? Svo greinilega bara skrifar hún þarna bara, Hann segir, hann segir. Húnbogi sagði þetta eiga að vera eftirfarandi: *Nei það var bara aðspurður um hvort það væri möguleiki þá svaraði hann.* Húnbogi sagði stórmun þar á að hann hafi fullyrt um að eitthvað væri satt og rétt eins og hún kannski er að reyna að setja þetta fram eða þá ágiskanir í samtali, óformlegu samtali sem þau áttu sín í milli um hvað [redacted] væri mögulega að fara að upplýsa.

Aðspurður þar sem rannsakara finnst þetta var ekkert óformlegt þar sem Húnbogi var sammála því að Sigríður mátti láta vita af þessu svaraði hann játandi að hún hafi mátt það upp á það að það væri hægt að ræða við hans skjólstæðing. Húnbogi sagðist aldrei svara hvað honum og skjólstæðingi hans fór á milli.

Húnboga var kynnt að [REDACTED] hafi komið til héraðssaksóknara í skýrslutöku og hafi alfarið neitað að hafa leitað til Húnboga með þetta mál og eftir að hafa kynnt [REDACTED] hluta af minnisblaði Sigríðar hafi hann svarað því til að ekkert af því sem þar stæði væri rétt. [REDACTED] sagðist hafa hitt Húnboga á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll. [REDACTED] sagðist ekki vera skjólstæðingur Húnboga. Þá var Húnboga kynnt að með [REDACTED] hafi komið verjandi hans, Erlendur. [REDACTED] hafi sagt að hann hafi aldrei leitað til Húnboga með þetta.

Húnbogi sagði [REDACTED] frjálst að segja það sem hann vilji.

Húnboga var kynnt að [REDACTED] hafi sagt að hann hafi hitt Húnboga á jólatónleikum í Laugardalshöllinni þar sem Húnbogi starfaði sem dyravörður núna 12. desember sl. og Húnbogi hafi sagt honum í óspurðum fréttum að mál hans og Steindórs væri til rannsóknar en [REDACTED] sagðist ekki hafa svarað neinu og ekki viljað ræða þetta við Húnboga.

Húnbogi sagðist ekki tjá sig um þetta.

Húnboga kynnt úr framburði [REDACTED] að Húnbogi hafi einhverjum dögum seinna, líklega á þriðjudeginum á eftir, hringt í hann og boðað hann á fund á skrifstofu í Laugardal þar sem Húnbogi hafi sagt [REDACTED] að hann sé búinn að hringja og semja fyrir hann en [REDACTED] sagðist aldrei hafa beðið Húnboga að gera þetta og hann hafi ekki skilið hvað Húnbogi var að tala um. [REDACTED] sagðist vera með lögmann og það væri ekki Húnbogi.

Húnbogi sagði að [REDACTED] mætti segja það sem hann vildi. Hann hafi verið boðaður hingað til skýrslutöku sem sakborningur þannig að honum er frjálst að segja það sem hann vill.

Áfram kynnt úr framburði [REDACTED] sem hafi sagt að Húnbogi væri búinn að vera að mata fjölmiðla og æsa þetta allt upp og Húnbogi sé í beinu sambandi við Kolbein Tuma og eitthvað að búa til eitthvað.

Húnbogi sagði þetta bara ekki rétt.

Húnboga kynnt að þegar [REDACTED] var spurður að því af hverju Húnbogi ætti að vera að þessu hafi hann sagt að Húnbogi vildi að Steindór yrði tekinn niður.

Húnbogi sagðist ekki geta rætt neitt sem honum og [REDACTED] fór á milli.

Áfram kynnt úr framburði [REDACTED] að þegar [REDACTED] var spurður að því af hverju Húnbogi ætti að vilja það hafi [REDACTED] sagt að Steindór hafi látið reka Húnboga eða Húnbogi hafi hætt eða verið rekinn út af Steindóri það sé bara þannig.

Húnbogi sagði það reyndar eitthvað sem hann hafi heyrt sjálfur seinna meir.

Enn kynnt úr framburði [REDACTED] og það að Eiríkur Benedikt hafi sagst hafa hitt [REDACTED] á skemmtistað í desember 2010 sama kvöld og Húnbogi á að hafa hit [REDACTED] Eiríkur vísaði á Húnboga varðandi hvað nákvæmlega fór á milli hans og [REDACTED] þar sem Eiríkur sagðist ekki

muna það nákvæmlega en sagði Húnboga hafa hitt [REDACTED] sama kvöld og [REDACTED] hafi sagt það sama við Húnboga en það hafi verið eitthvað á þá leið að hann væri í upplýsingasambandi við Steindór sem hann vildi losna úr af því að hann væri jafnvel hræddur eða eitthvað. [REDACTED] hafi verið þvingaður í þetta samband og að hann hefði greitt Steindóri fyrir upplýsingar sem Steindór gæfi honum úr rannsóknum mála eða einhverju slíku og að [REDACTED] væri upplýsingagjafi fyrir Steindór. Eins hafi Eiríkur sagt að hann ætlaði að fella Steindór eða draga hann til ábyrgðar.

Húnbogi sagðist ekkert geta sagt til um hvað fór þeirra í milli á skemmtistað sem hann var sjálfur ekki viðstaddur. Húnbogi sagðist hafa rætt þessi mál við Eirík í gegnum tíðina og svoleiðis og Eiríkur verði bara að svara fyrir hvað..... Húnbogi sagðist ekki frekar en Eiríkur muna hvað þeir ræddu í desember 2010.

Húnboga kynnt að Eiríkur vilji meina að þetta sama kvöld hafi Húnbogi hitt [REDACTED]

Húnbogi segir það alveg rétt.

Húnbogi er spurður hvort hann muni hvað fór þeim í milli, honum og [REDACTED] þetta kvöld 2010 þar sem [REDACTED] var alls ekki skjólstæðingur Húnboga þetta kvöld og neitar að vera hans skjólstæðingur yfir höfuð eða hafa rætt við eða gert nokkurn þann samning við Húnboga að hann væri hans skjólstæðingur.

Húnbogi sagði eins og hann hafi áður sagt þá hafi þeir hugsanlega rætt sömu hluti í desember 2010 og núna í desember 2015. Húnbogi sagðist ekki geta tjáð sig um það og hann vilji ekki tjá sig um það óháð því hvað [REDACTED] segi þá telji hann sig bundinn trúnaði um það sem þeim fór á milli. Húnbogi sagði að við, rannsakarar, verðum bara að trúa því sem við viljum trúa um það hvort hann hafi að eigin frumkvæði samið tölvupósta og búið til einhver samskipti til þess að reyna að gera eitthvað og koma svo hér og segja ég veit ekkert um Steindór og vil ekkert tjá mig um Steindór.

Húnbogi sagðist geta sagt eitt, þ.e. að hann búi ekki yfir neinni beinni vitneskju um hvað Steindór hefur gert eða ekki gert eða hvað þeim hefur farið á milli. Þannig að allt það sem hann veit eða hefur heyrt annars staðar frá er allt saman bara svona óbeint og ekki hans að greina frá. Húnbogi sagðist ekki vera með vitneskju eða beina vitneskju hvernig Steindór starfaði. Húnbogi sagðist ekkert geta sagt sem verður að sönnunargagni.

Spurður um það sem [REDACTED] sagði, þ.e. að Húnbogi sé búinn að vera að mata fjölmiðla og búinn að vera með þessar fréttir hló Húnbogi og sagðist hafa hætt í deildinni 2009 og allt sem hafi verið að koma í fréttum hafi verið eftir það. Húnbogi sagðist ekki hafa verið að leka þessum upplýsingum í fjölmiðla.

Aftur spurður um það sem rannsóknin snýst um, þ.e. hvort Steindór hafi verið í óeðlilegum samskiptum við brotamann og hugsanlega þegið einhverja peningagreiðslu fyrir sagðist Húnbogi ekki hafa orðið vitni að einu eða neinu slíku og ef hann hafi heyrt eitthvað slíkt þá séu það bara kjaftasögur sem hann getur ekki endurtekið eða sagt. Húnbogi sagðist lesa blöðin og fréttirnar og hafa séð hvað stendur þar.

Samtalið við Sigríði hafi verið hennar spurningar, Heldur þú að hann geti gert þetta? Og heldurðu að hann geti gert hitt? Hvað heldur þú að þetta hafi staðið yfir í langan tíma? Hvað heldurðu að þetta hafi verið miklir peningar?



Húnbogi sagði þennan orðróm um Steindór hafa verið lengi, ekki kannski að hann hafi verið að þiggja einhverja peninga eða eitthvað svoleiðis en að hann hafi verið í virku upplýsingasambandi við einhvern aðila sem var að gefa honum miklar upplýsingar.


Spurður hvað sé óeðlilegt við það sem starfandi fíkniefnalögreglumaður til margra ára og svo eingöngu í upplýsingasambandi við einhvern sagði Húnbogi ekkert óeðlilegt nema reyndar hafi reglurnar fyrst verið þannig að það mátti ekki vera í upplýsingasambandi við virka brotamenn en því hafi verið breytt en hann muni ekki hvenær það var.

Húnbogi spurði hverjir aðrir hafa upplýsingar um hvað er í gangi aðrir en virkir brotamenn? Hverjir gátu gefið bestu upplýsingarnar? Húnbogi sagði ekkert óeðlilegt við það að rannsóknarlögreglumaður í ávana- og fíkniefnadeild sé í upplýsingasambandi við aðila sem hafi vitneskju um fíkniefnainnflutning, fíkniefnasölu eða fíkniefnaframleiðslu. Hann sagði að því betri sambönd sem þú hafðir því betri árangri náðir þú í vinnunni.

Spurður hvort á þessum tíma hafi ekki flestir hafi verið í sambandi við virka brotamenn sagði Húnbogi svo vera. Hann sagðist telja að allir sem voru í upplýsingasamskiptum við lögreglu á þessum tíma hafi verið virkir brotamenn eða kannski 99%. Hann sagði starfið allt hafa byggst á upplýsingum og að ná og fá sem marktækastar upplýsingar til að ná árangri.

Spurður hvort hann hafi einhverju við að bæta sagði hann svo ekki vera.

Samantekt ritaði:

  
María Pálsdóttir

Viðstödd skýrslutöku og  
staðfestir efni samantektar:

  
Dóra Björk Réynisdóttir



## LÖGREGLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

I/15

### RÍKISSAKSÓKNARI

Innk.: - 8. JÚNÍ 2015

Málenr. 201505-0165.

Bréfal:

Ríkissaksóknari Sigríður Friðjónsdóttir  
Hverfisgötu 6,  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. júní 2015

Vísað er til bréfs ríkissaksóknara, dags. 18. maí sl., er barst embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hinn sama dag.

Í bréfinu er þess óskað að fá lýsingu og mat á upplýsingum um hugsanlegt brot lögreglufulltrúa í starfi, auk upplýsinga um það hvort og þá hvernig lögreglustjóri hyggist bregðast við framangreindum upplýsingum.


Á undanförmum vikum hafa ýmsir starfsmenn fíkniefnadeildar leitað til sinna yfirmanna og lýst áhyggjum af stöðu mála gagnvart Steindóri Inga Erlingssyni, settum lögreglufulltrúa við fíkniefnadeild embættisins. Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið, var ákveðið að ekki yrði framhald á setningu Steindórs Inga sem lögreglufulltrúa í fíkniefnadeild og hefur verið rætt við hann um flutning í deildinni, sem hann hafnaði alfarið.

Í kjölfar bréfs ríkissaksóknara, voru tveir reyndir rannsóknarlögreglumenn fengnir til að ræða við Ásgeir Karlsson og í framhaldi þá lögreglumenn sem hann nefndi. Rannsóknarlögreglumennirnir tóku óformleg viðtöl og gerðu samantekt um upplýsingaöflunina sem er meðfylgjandi. Í samantektinni eru rakin atvik og upplýsingar, sem ná yfir nokkurra ára tímabil og eru frá árunum 2006 til vors 2015 og komu til vitundar yfirstjórnar nú á vormánuðum.

Niðurstaða samantektarinnar ber með sér að verulegt vanstraust ríkir á milli nafngreindra starfsmanna. Það liggur ljóst fyrir að við það starfsumhverfi verður ekki unað og ekki unnt að halda starfsemi áfram með óbreyttri mönnun. Tekin hefur verið ákvörðun um það sé óumflýttanlegt að færa Steindór Inga Erlingsson, til annarra starfa hjá embættinu og ef til vill fleiri starfsmenn.

Það er lagt í mat ríkissaksóknara hvort þau atriði er fram koma í samantektinni gefi tilefni til opinberrar rannsóknar á meintri refsiverðri háttsemi.

Virðingarfyllst,

  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir  
Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins

# RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 21. júlí 2016

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Ml. 10.10.17	Abm. HSJ
Innk. 25. JÚLÍ 2016	
IRR 16070233	


Mál héraðssaksóknara nr. 300-2016-87

Með bréfi dags. 15. þ.m. sendi lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ríkissaksóknara kæru Kristjáns B. Thorlacius hrl. fyrir hönd Steindórs Inga Erlingssonar dags. 24. júní 2016, á hendur Húnboga J. Andersen fyrir rangar sakargiftir, sbr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1949. Fram kemur í bréfinu að Steindór Ingi sé starfandi rannsóknarlögreglumaður við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og að þær röngu sakargiftir sem kærán fjallar um varði lýsingu kærða Húnboga á refsiverðri háttsemi kæranda í hans störfum við embætti lögreglustjórans. Vegna þessa þyki orka tvímælis að rannsókn og meðferð málsins fari fram hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og því sé málið sent ríkissaksóknara til úrlausnar og þóknanlegrar ákvörðunar með vísan til 2. mgr. 24. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Með kærubréfi fylgdi minnisblað ríkissaksóknara dags. 15. desember 2015. Í því minnisblaði er að finna afrit af tölvupósti Húnboga J. Andersen til ríkissaksóknara þess efnis að umbjóðandi hans búi yfir upplýsingum um meint brot lögreglumanna sem gegndu stöðum yfirmanna í ávana- og fíkniefnadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og að umbjóðandinn hafi áhuga á að deila þessum upplýsingum. Í minnisblaðinu er einnig að finna samantekt undirritaðrar á símtali sem ég átti við Húnboga 15. desember 2015, í kjölfar ofangreinds tölvupósts. Í þeirri samantekt kemur m.a. fram að umbjóðandi Húnboga, A, hafi upplýsingar um brot Steindórs Inga Erlingssonar í starfi sem hann sé reiðubúinn til að gefa yfirvöldum upplýsingar um gegn ákveðnum skilyrðum. Áttu brotin einkum að hafa falist í því að taka við greiðslum frá A fyrir upplýsingar um mál/málefni fíkniefnadeildar LRH. Er minnisblað þetta, auk lögregluskýrslu af Húnboga J. Andersen dags. 17. mars 2016, þau gögn sem kæra Steindórs Inga grundvallast á.

Að framangreindu virtu, og með hliðsjón af c. og/eða g. lið 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 26. gr., laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, tel ég mig vera vanhæfa til að fara með ofangreint kærúmál. Með vísan til 1. mgr. 26. gr. laga nr. 88/2008 vík ég því hér með sæti við meðferð kærúmáls Steindórs Inga Erlingssonar. Er því nauðsynlegt að ráðherra setji annan löghæfan mann til að fjalla um málið.

Meðfylgjandi bréfi þessu eru ofangreind kæra og fylgigögn og bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

  
Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknar



Innanríkisráðherra

Afrit:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Kristján B. Thorlacius hrl.

**RÍKISSAKSÓKNARI**

<b>Héraðssaksóknari</b>	
Innk.	13. JAN. 2016
Málsnr.	201601-0325
Bréfal.	04,08

380-2016-000007

I/1

SJF

Reykjavík, 8. janúar 2016

Tilvísun ríkissaksóknara: 201505-0165

Með bréfi dags. 17. desember sl. fór ríkissaksóknari þess á leit við ríkislögreglustjórann, með vísan til þágildandi 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, að hann veitti ríkissaksóknara liðsinni við rannsókn á ætluðum refsiverðum brotum Steindórs Inga Erlingssonar lögreglufulltrúa, við framkvæmd starfa hans í fíkniefnadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (R-2). Ætluð brot Steindórs geta varðað við 128. gr. og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til 28. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 47/2015, um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum, sendist héraðssaksóknara hér með málið til viðeigandi meðferðar, en rannsókn á grundvelli bréfs ríkissaksóknara til ríkislögreglustjóra er ekki hafin. Ríkissaksóknari afturkallar hér með beiðni sína um rannsóknaraðstoð ríkislögreglustjórans vegna ætlaðra brota Steindórs Inga Erlingssonar og er þess óskað að hann endursendi ríkissaksóknara þau gögn sem fylgdu nefndu bréfi og varða ætluð brot Steindórs Inga. Með bréfinu frá 17. desember sl. var einnig óskað eftir rannsóknaraðstoð ríkislögreglustjórans vegna ætlaðra brota Jens Gunnarssonar rannsóknarlögreglumanns við fíkniefndadeild LRH og er ekki beytt skipan á málsmeðferð í því máli að svo stöddu.

Meðfylgjandi bréfi þessu til héraðssaksóknara eru neðangreind gögn:

- Bréf ríkissaksóknara til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 18. maí 2015 varðandi málefni fíkniefndedarinnar.
- Bréf Ásgeirs Karlssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns við embætti ríkislögreglustjórans dags. 18. maí 2015 vegna samskipta hans við átta lögreglumenn sem lýstu áhyggjum af ætluðum brotum í starfi af hálfu Steindórs Inga Erlingssonar.
- Bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til ríkissaksóknara dags. 8. júní 2015 ásamt samantekt LRH vegna óformlegra viðtala við Ásgeir Karlsson og átta nafngreinda lögreglumenn sem áður höfðu komið að máli við Ásgeir vegna gruns um að Steindór Ingi Erlingsson hefði gerst brotlegur í starfi með því að halda hlífiskildi yfir brotastarfsemi Antons Kristins Þórarinssonar.
- Skjalamappa sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu afhenti ríkissaksóknara 15. desember 2015 sem inniheldur gögn vegna frekari athugunar sem lögreglustjórinn fól Baldvin Einarssyni lögreglufulltrúa að framkvæma í kjölfar þeirrar samantektar sem send var ríkissaksóknara með áður greindu bréfi dags. 8. júní 2015. Um er að ræða 22 tilvik auk samantektar Baldvins um verkefnið dags. 14. desember 2015. Aflað var m.a. gagna úr Fróða

– upplýsingaveitu fíkniefnadeildarinnar og Höndláraðnum, þ.e. því kerfi sem heldur utan um samskipti upplýsingateymis LRH við upplýsingagjafa.

- Minnisblað ríkissaksóknara dags. 15. desember 2015 vegna samskipta við Húnboga J. Andersen lögfræðing, og fyrrum starfsmann í fíkniefnadeildinni, vegna upplýsinga um ætluð brot Steindórs Inga Erlingssonar í starfi, sem umbjóðandi Húnboga, Anton Kristin Þórarinsson mun búa yfir.



Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari



Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri

Ríkissaksóknari ritaði innanríkisráðherra bréf 21. júlí 2016. Í bréfinu var gerð grein fyrir kæru Kristjáns Thorlacius hæstaréttarlögmanns og ofangreindu bréfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru rakin samskipti ríkissaksóknara við Húnboga J. Andresen sem áttu sér stað 15. desember 2015 og þess getið að í samantekt ríkissaksóknara komi fram umbjóðandi Húnboga hafi upplýsingar um brot Steindórs Inga í starfi sem einkum áttu að hafa verið fólgin í að taka við greiðslum frá umbjóðandanum um mál eða málefni fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Minnisblað ríkissaksóknara auk lögregluskýrslu Húnboga væru þau gögn sem kæra Steindórs grundvallaðist á. Að því virtu og með hliðsjón af c og eða g lið 1. mgr. 6. gr. sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um meðferð sakamála vék ríkissaksóknari sæti við meðferð kærumáls Steindórs Inga. Undirritaður var settur ríkissaksóknari í kjölfarið eins og áður gat.

Með vísan til fyrirbyggjandi gagna, sérstaklega bréfs lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsettu 15. júlí 2016, liggur fyrir að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og starfsmenn þess lögreglustjóra eru vanhæfir í skilningi 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til að rannsaka mál það sem Kristján Thorlacius hefur kært fyrir hönd Steindórs Inga Erlingssonar, sbr. 7. tölulið 8. gr. laga nr. 90/1996. Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið tilkynnt um ákvörðun þessa.

Yður, herra lögreglustjóri er hér með falin rannsókn málsins er lýtur að kæru Kristjáns Thorlacius hæstaréttarlögmanns, sbr. 3. mgr. 21. laga um meðferð sakamála.

Meðfylgjandi bréfi þessu eru neðangreind gögn:

Bréf innanríkisráðherra, dagsett 26. september 2016.

Kæra Kristjáns Thorlacius, dagsett 24. júní 2016, ásamt fylgigögnum; minnisblað ríkissaksóknara dagsett 15. desember 2015 og samantekt framburðar Húnboga J. Andersen dagsett 17. mars 2016.

Bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til ríkissaksóknara, dagsett 15. júlí 2016.

Bréf ríkissaksóknara til innanríkisráðherra, dagsett 21. júlí 2016.

Bréf ríkissaksóknara dagsett 6. janúar 2016 til héraðssaksóknara, ásamt hluta fylgigagna; samantekt Ásgeirs Karlssonar aðstoðaryfirlöggluþjóns við embætti

ríkislögreglustjórans dagsett 18. maí 2015, bréf ríkissaksóknara til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsett sama dag og bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til ríkissaksóknara dagsett 8. júní 2015. Minnisblað ríkissaksóknara dagsett 15. desember 2015.

Bréf embættis héraðssaksóknara til Steindórs Inga Erlingssonar dagsett 8. júní 2016 um mál nr. 300-2016-7.

Greinargerð rannsakenda við embætti héraðssaksóknara mál nr. 300-2016-0007.


Mætingarskýrsla embættis héraðssaksóknara dags. 26. janúar 2016 vegna yfirheyrslu Antons Kristins Þórarinssonar.

Endurrit framburðar Antons Kristins Þórarinssonar.

Tölvudiskur frá embætti héraðssaksóknara, vitnaskýrsla Húnboga J. Andersen frá 29. janúar 2016.

Afrit bréfs til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 12. október 2016.

Reykjavík, 12. október 2016

The image shows a handwritten signature in black ink, which appears to be 'Björn L. Bergsson'. The signature is written over a circular official seal. The seal features the coat of arms of Iceland in the center, surrounded by the text 'RIKISSAKSÓKNARI' at the top and 'REYKJAVÍK' at the bottom.

Björn L. Bergsson settur ríkissaksóknari



Björn Lárus Bergsson  
Hjallabrekku 8  
200 Kópavogur

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 hréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 26. september 2016  
Tilv.: IRR16070233/10.10.17

Með bréfi Sigríðar Friðjónsdóttur, ríkissaksóknara, til ráðuneytisins, dags. 21. júlí sl., lýsir hún sig vanhæfa til að fjalla um kærumál Steindórs Inga Erlendssonar á hendur Húnboga J. Andersen fyrir rangar sakagiftir sbr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1949.

Með vísan til umrædds bréfs ríkissaksóknara, eru þér hér með settur ríkissaksóknari til að fjalla um máli

Fyrir hönd ráðherra

  
Ragnhildur Hjaltadóttir



I/1.7

Ríkissaksóknari

# Minnisblað

Til: Ríkissaksóknara  
Afrit: Vararíkissaksóknari  
Frá: Ríkissaksóknari  
Dags: 15. desember 2015  
Varðar:

Góðan daginn.

Undirritaður er umbjóðandi aðila sem býr yfir upplýsingum er snúa að meintu broti ákveðins/ákveðinna lögreglumanna sem gegndu stöðum yfirmanna í ávana- og fíkniefnadeild lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu.

Umbjóðandinn hefur áhuga á að deila þessum upplýsingum að því gefnu að hægt sé að gera ákveðna fyrirvara vegna þess framburðar sem hann myndi gefa í tengslum við málið.

Er það mat undirritaðs að þær upplýsingar sem umbjóðandi hans býr yfir séu marktækar og gætu skipt sköpum við rannsókn málsins.

Er þess óskað að haft verði samband við undirritaðan svo hægt sé að ræða boð umbjóðanda hans frekar.

Með bestu kveðju

**Húnbogi J. Andersen**  
Lögfræðingur/Löglærður fulltr.  
GSM: +354 892 2831



LÖGMENN LAUGARDAL

Í kjölfar ofangreinds tölvupóst hringdi ég í Húnboga í dag kl. 17.04 til að kanna hvaða upplýsingar/upplýsingagjafa um væri að ræða. Í ljós kom að umbjóðandi Húnboga (H) er Anton Kristinn Þórarinnsson (A) sem skv. H er reiðubúinn til að gefa upplýsingar/bera um að

January 8, 2016

Steindór I. Erlingsson (S) lögreglufulltrúi hafi brotið af sér í starfi með því að veita A upplýsingar um mál/málefni fíkniefnadeildarinnar og að hann hafi greitt S fyrir slíkt. A vill lýsa því sem gekk á. A vill hins vegar ekki gefa upplýsingarnar formlega nema hann fái skriflegt loforð frá yfirvöldum um að hann verði ekki sóttur til saka/kærður fyrir hugsanleg refsiverð brot sín vegna samskiptanna við S. Ég sagði H að heimildir til slíks væru ekki í okkar lagaumhverfi en að ég myndi skoða vandlega hvernig brugðist yrði við þessu erindi. H sagði A vera tilbúinn til að ræða óformlega við ríkissaksóknara eða þann sem myndi vinna að rannsókn á vegum rs til að auðvelda rannsóknina/koma henni áfram, án þess að gefa skýrslu. Lýsa hlutum sem geta hjálpað okkur við rannsókn. H taldi "samband" A og S hafa varað frá 2011 jafnvel 2009, og að S hefði fengið einhverjar milljónir frá A fyrir upplýsingar. Hugsanlega "samband" við Karl Steinar líka. Í upphafi hefði S nálgast A og þvingað hann til að veita sér upplýsingar um fíkniefnabrot annarra undir þeirri hótun að fara annars í rannsóknir/einelti á A en síðan hefði A snúa valdataflinu sér í hag og að upplýsingar hafi þá lekið í báðar áttir. Aðspurður um ástæðu þess að A vildi koma fram með þessar upplýsingar um S þá teldi A að S hefði svikið sig og væri reiður/fúll út í S og það að hann hefði komist upp með þetta. Nefndi mál frá 2013 þar sem A hefði verið handtekinn og vistaður í klefa í 6 klst. og frkv. húsleit heima hjá honum, sbr. H 147/2015 (rannsóknin fór fram á árinu 2012). Að A liti svo á að S hefði svikið sig með því að segja sér ekki frá þeirri rannsókn. H sagði að ekkert væri því til fyrirstöðu að ég upplýsti HMG eða aðra sem að rannsókn/skoðun á ætluðum brotum S kæmu um að A væri reiðubúinn til að veita þessar upplýsingar um S með því skilyrði að það yrði aldrei notað gegn honum.

15/12/15 SJF



Embætti lögreglustjórans á Vesturlandi

Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri

Bjarnarbraut 2

310 Borgarnesi

Rannsókn kæru fyrir rangar sakargiftir.

Með bréfi dagsettu 26. september 2016 var undirritaður settur sem ríkissaksóknari af innanríkisráðherra til að fjalla um kæru Steindórs Inga Erlingssonar á hendur Húnboga J. Andersen fyrir rangar sakargiftir sbr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kæru þessari kom Kristján Thorlacius hæstaréttarlögmaður á framfæri fyrir hönd Steindórs Inga 24. júní 2016 til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Kærunni fylgdi minnisblað ríkissaksóknara dagsett 15. desember 2015 um samskipti ríkissaksóknara við Húnboga. Inn í minnisblaðið var felldur texti símbréfs Húnboga til ríkissaksóknara sem sent var þennan dag sem og samantekt ríkissaksóknara á símtali við Húnboga sem átti sér stað sama dag. Þá fylgdi samantekt héraðssaksóknara dagsett 17. mars 2016 á framburði Húnboga sem hann gaf í skýrslutöku á skrifstofu héraðssaksóknara 29. janúar 2016.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu sendi bréf dagsett 15. júlí 2016 til ríkissaksóknara. Með því fylgdi kæra Kristjáns Thorlacius hæstaréttarlögmanns ásamt fylgigögnum. Þess var getið að kæran væri sett fram fyrir hönd Steindórs Inga rannsóknarlögreglumanns við embættið á hendur Húnboga lögfræðingi og fyrrverandi rannsóknarlögreglumanns við embættið. Í ljósi þess að kærandi væri starfsmaður embættisins og lýsing kærða á refsiverðri háttsemi varðaði rækslu starfs kæranda hjá embættinu þætti orka tvímælis að rannsókn og meðferð fari fram hjá embættinu. Því væru gögnin send embætti ríkissaksóknara til úrlausnar og þóknanlegrar ákvörðunar um það hvort rannsókn og málsmeðferð megi og geti farið fram hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Vísað var í þessum efnum til 2. mgr. 24. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari  
Hverfisgötu 6  
150, Reykjavík

RÍKISSAKSÓKNARI

Innk.: 18. MAÍ 2015  
Málsnr. 201505-0165  
Bréfal:

Reykjavík 18. maí 2015.

### Efni: Samantekt vegna málefna fíkniefnadeildar LRH

Samantekt þessi er gerð í framhaldi af fundi undirritaðs hjá ríkissaksóknara föstudaginn 15. maí 2015 þar sem hann greindi frá áhyggjum lögreglumanna fíkniefnadeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH), bæði núverandi og fyrirverandi, af hugsanlegu broti lögreglufulltrúa deildarinnar í starfi.

Samantektin er unnin að beiðni Sigríðar J. Friðjónsdóttur ríkissaksóknara sem eftir fund okkar sendi undirrituðum tölvubréf þar sem hún óskaði eftir því að efnisatriði málsins yrðu sett á blað. Fram kom í tölvubréfi ríkissaksóknara að með þessari beiðni væri ríkissaksóknari ekki að hefja rannsókn á grundvelli 35. greinar lögreglulaga heldur hygðist ríkissaksóknari með þessu afla upplýsinga til að ákveða næstu skref.

Tekið skal fram að samantekt þessi er ekki tæmandi. Þar sem undirritaður vann ekki að rannsókn málsins skráði hann ekki vandlega niður þau efnisatriði sem fram komu í samtölum við viðkomandi lögreglumenn fíkniefnadeildar. Á þessu stigi er það mat undirritaðs að ekki sé rétt að nafngreina þá lögreglumenn sem til hans leituðu.

Lögreglufulltrúinn sem hér um ræðir heitir Steindór Ingi Erlingsson.

Á síðustu sex vikum eða svo hafa alls átta lögreglumenn leitað til undirritaðs og lýst yfir áhyggjum vegna hugsanlegra brota Steindórs í starfi. Lögreglumennirnir kváðust leita til mín vegna þess að þeir treystu sér ekki á þessu stigi til að snúa

sér til yfirstjórnar LRH með þetta erindi þar sem fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn deildarinnar hafi á sínum tíma bannað þeim að ræða þetta mál frekar.

Upphaf þessara grunsemda er að rekja til byrjunar árs 2012. Þá leitaði ungur maður til lögreglu og vildi veita upplýsingar um brotastarfsemi Antons Kristins Þórarinssonar, sem lengi hefur verið þekktur í undirheimunum hér á landi. (Rétt er að taka fram áður en lengra er haldið að upplýsingaraðilinn sem hér um ræðir svipti sig lífi nokkrum mánuðum eftir að hann setti sig í samband við lögregluna.) Þessi ungi maður gerði þá kröfu að Steindór Ingi Erlingsson kæmi alls ekki að þessu þar sem hann hefði vitneskju um að Steindór væri í nánu sambandi við nefndan Anton og hann hefði m.a. orðið vitni að því er Anton greiddi Steindóri peninga.

Í fyrstu voru fullyrðingar þessar ekki teknar alvarlega innan deildarinnar en eftir því sem á leið tóku að vakna grunsemdir um að ekki væri allt með felldu. Leituðu menn þá til Karls Steinars Valssonar, þáverandi aðstoðaryfirlögregluþjóns fíkniefnadeildar, sem, að sögn þeirra lögreglumanna sem til mín komu, ræddi við Steindór og spurði hvort eitthvað væri hæft í þessu. Steindór mun hafa neitað því staðfastlega.

Stuttu síðar mun Karl Steinar hafa boðað alla starfsmenn fíkniefnadeildar á fund þar sem hann sagði að yfirstjórn LRH hefði farið rækilega í saumana á þessu máli og það væri mat hennar að enginn fótur væri fyrir þessum ásökunum. Mál þetta yrði ekki rætt frekar, þeir sem ekki sættu sig við það gætu leitað sér að vinnu annars staðar.

Síðan 2012 hefur málið því lítt verið rætt innan deildarinnar en aftur á móti hefur það jafnan hvílt á mönnum og eftir því sem tíminn líður er það mat þeirra, sem ég hef rætt við, að sífellt komi fram fleiri vísbendingar um að þessar ásakanir eigi við rök að styðjast. Sem dæmi nefna lögreglumennirnir, að oft þegar böndin berist að Antoni beini Steindór viðkomandi rannsókn í þveröfuga átt svo þáttur Antons fjari út.

Fleiri dæmi máli sínu til stuðnings tilgreindu lögreglumennirnir og nefndu að Karl Steinar hefði heimilað Steindóri og öðrum lögreglumanni að segja Antoni að upplýsingaaðilinn sem getið er um hér að ofan hefði komið til lögreglu á sínum tíma.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tveir af lögreglumönnum sem ég ræddi við segjast hafa talað við Anton fyrir allöngu síðan þar sem hann hafi viðurkennt fyrir þeim að hann tæki við upplýsingum frá Steindóri.

Eftir að hafa hlustað á frásagnir þessara lögreglumanna, sem að mínu mati eru mjög glöggir og trúverðugir, finnst mér mjög alvarlegt ef ekki verður brugðist við með ábyrgum hætti og þess freistað að ganga úr skugga um hvort ásakanir þessar eru tilhæfulausar eða hvort þær eiga við rök að styðjast. Við blasir þó að erfitt getur reynst að sannreyna ásakanir þessar.

Ég hef hvatt lögreglumennina til að ræða við lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu og upplýsa hann um málið. Þegar þetta er ritað er mér kunnugt um að einhverjir þeirra hafa snúið sér til lögreglustjórans. Sjálfur hef ég upplýst ríkislögreglustjóra, Harald Johannessen, og Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjón við embætti ríkislögreglustjóra, um þetta frá upphafi.

Lögreglumennirnir sem ég hef talað við hafa flestir lýst því yfir að þeir séu tilbúnir til að tjá sig frekar um mál þetta verði eftir því leitað.

Við þessar upplýsingar get ég bætt, að tveir þekktir menn í undirheimum Reykjavíkur, sem ég hef rætt við, hafa sagt mér að innan fíkniefnadeildarinnar starfi aðili sem miðli upplýsingum til brotamanna. Tekið skal fram að þessir viðmælendur nafngreindu ekki viðkomandi starfsmann deildarinnar.

Virðingarfyllst,



Ásgeir Karlsson  
aðstoðaryfirlögregluþjónn

I/12

# RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 18. maí 2015

Föstudaginn 15. maí sl. kom á minn fund Ásgeir Karlsson, aðstoðaryfirlöggluþjónn við embætti ríkislögglustjóra, og fyrrum yfirmaður fíkniefnadeildar við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (áður lögreglustjórans í Reykjavík) vegna upplýsinga sem hann hefur fengið frá lögreglumönnum sem starfa eða hafa starfað við fíkniefnadeild embættis yðar (R-2), um hugsanleg brot í starfi af hálfu Steindórs Inga Erlingssonar, lögreglufulltrúa við deildina. Fram kom m.a. hjá Ásgeiri að þér og aðrir í yfirstjórn embættis yðar hafið vitneskju um málefnið.

Ríkissaksóknari óskar því eftir að fá yðar lýsingu og mat á málefninu auk upplýsinga um hvort og þá hvernig þér hyggist bregðast við framangreindum upplýsingum.

Tekið skal fram að með þessu bréfi er ríkissaksóknari einungis að afla upplýsinga en ekki að hefja rannsókn á grundvelli 35. gr. lögreglulaga.

Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari

Lögglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir

*Afrit:*  
*Ríkislögglustjóri*  
*Haraldur Johannessen*